

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Umboðsmaður barna - UB <ub@barn.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 10. október 2023 16:03  
**To:** Umboðsmaður barna - UB  
**Subject:** Til sveitarfélaga - boð á barnaþing  
**Attachments:** Til sveitarfélaga vegna barnaþings.pdf

Komið þið sæl,

Meðfylgjandi er bréf frá umboðsmanni barna vegna barnaþings sem haldið verður í Hörpu 17. nóvember. Við viljum biðja ykkur að koma því á framfæri til þeirra sem þið teljið málið varða.

Með kærri kveðju,



### Skrifstofa umboðsmanns barna

Kalkofnsvegi 2 (Hafnartorg)  
105 Reykjavík, Iceland.  
Sími/ Tel: +(354) 552 8999  
<http://www.barn.is>, [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is)



Upplýsingastefna umboðsmanns barna  
Fyrirvari vegna tölvupósts



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavík 10. október 2023

Til sveitarfélaga.

### Barnaþing í Hörpu í Reykjavík dagana 16.-17. nóvember 2023.

Barnaþing umboðsmanns barna verður haldið í þriðja sinn í nóvember á þessu ári en þingið var haldið í fyrsta sinn árið 2019 og í annað sinn í upphafi ársins 2022. Reynslan af fyrri barnaþingum var mjög góð og upplifun barnanna sem tóku þátt var afar jákvæð.

Sú breyting hefur orðið á dagskránni frá síðustu árum að í stað hátíðardagskrár í Hörpu 16. nóvember gefst barnaþingmönnum kostur á að heimsækja Alþingi þann dag. Þetta er einstakt boð frá Alþingi og tækifæri fyrir börnin að sjá þinghúsið og fræðast um þingstörfin.

Þann 17. nóvember verður haldinn fundur með þjóðfundarstíl þar sem saman koma fullorðnir og börn, og ræða málefni sem brenna á börnum. Niðurstöður umræðunnar verða síðan, líkt og áður, kynntar ríkisstjórn sem framlag til stefnumótunar í málefnum barna. Skemmtiatriðum verður fléttað í auknum mæli inn í dagskrá þjóðfundarins í stað sérstakrar hátíðardagskrár.

Börnin hefja umræðuna um morguninn á vinnuborðum en strax eftir hádegi mæta fullorðnir boðsgestir til að taka þátt í áframhaldandi umræðu um þau umfjöllunarefni sem börnin hafa valið. Gert er ráð fyrir að fullorðnir gestir mæti klukkan 13:00 þann 17. nóvember og taka skráðir gestir fullan þátt í umræðu á vinnuborðum með börnum frá kl. 13:20 þann dag. Dagskránni lýkur um klukkan 16:00 með léttum veitingum. Skráning fer fram á - <https://forms.office.com/e/zfcLe8LLlH>

Alls fengu 350 börn alls staðar af landinu boð um að koma á barnaþing og voru þau valin með slembivali frá Þjóðskrá. Í boði er ferðastyrkur fyrir þau börn sem koma lengst að en ljóst er að í einhverjum tilvikum verður ferðakostnaður hærrí en upphæð ferðastyrksins. Því biðlum við til heimasveitarfélaga barnaþingmanna um aðstoð við að tryggja að börnin fái þann stuðning sem þau þurfa á að halda til að sækja barnaþingið.

# Hverri ákvörðun fylgir ábyrgð

Stjórnendur sveitarfélaga hafa í mörg horn að líta og mikilvægt að ákvarðanir séu teknar að vel ígrunduðu máli. Það er alvanalegt að stjórnendur sveitarfélaga óski eftir aðstoð við ákvarðanatöku. Getur það t.d. verið í formi samskipta, minnisblaða eða álitsgerða. Gott er að hafa sérfræðing sér til aðstoðar varðandi:

## Almenna stjórnarsýslu

- Ákvarðanir
- Ályktanir
- Kosningar o.fl.

## Ráðningar og uppsagnir

- Ráðningar
- Ágreiningur
- Uppsagnir

## Fasteignagjöld

- Ákvarðanir
- Erindi og ágreiningur varðandi ákvörðun fasteignagjalda

## Mannvirki og skipulagsmál

- Viðhald og framkvæmdir
- Opinber innkaup
- Skipulagsmál, kærufrestir og andsvör
- Lóðasamningar
- Innviðagjald
- Samningar og ágreiningur

## Hagsmunagæsla

- Varnir við kröfum á hendur sveitarfélaginu
- Varnir í ágreiningsmálum
- Svara erindum lögmannna
- Úrlausn ágreiningsmála
- Samningar- og sáttamiðlun

*Það er borgar sig að leysa vandamálin jafnóðum — og áður en þau fara úr böndunum.*

*Með kveðju,*

Andri Björgvin Arnþórsson

*Arnthorsson*


---

# Samgöngu- áætlun SASS



**2023-2033**

Október 2023



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

**Áætlunin var unnin af samgöngunefnd SASS fyrir stjórn SASS í ágúst-október 2023.**

Samgöngunefnd var skipuð í ágúst 2023 þar sem sjö einstaklingar voru tilnefndir af hverju svæði fyrir sig. Að auki sat með nefndinni einn starfsmaður frá SASS. Á seinni stigum bættust við nefndina tíu einstaklingar frá níu sveitarfélögum á Suðurlandi sem fengu tækifæri til að yfirfara áætlunina og koma með tillögur að betrubættum.

**Samgöngunefnd SASS skipa**

Njáll Ragnarsson, formaður nefndar, fulltrúi Vestmannaeyja  
Ingvi Már Guðnason, starfsmaður nefndar frá SASS  
Björn Kristinn Pálmarsson, fulltrúi Uppsveita Árnassýslu  
Viðar Steinarsson, fulltrúi Rangárvallasýslu  
Gauti Árnason, fulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
Guðlaug Einarsdóttir, fulltrúi neðri hluta Árnassýslu  
Drífa Bjarnadóttir, fulltrúi Mýrdals- og Skaftárhrepps  
Sólmundur Magnús Sigurðarson, fulltrúi Ungmennaráðs Suðurlands

**Á seinni stigum bættust eftirfarandi aðilar við nefndina og lásu yfir áætlunina**

Íða Marsibil Jónsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur  
Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppur  
Stefanía Hákonardóttir, Bláskógabyggð  
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerðisbær  
Anna Huld Óskarsdóttir, Mýrdalshreppur  
Rafn Bergsson, Rangárþing eystra  
Svavar L. Torfason, Rangárþing ytra  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Rangárþing ytra  
Sveinn Hreiðar Jensson, Skaftárhreppur  
Helga Jóhanna Harðardóttir, Vestmannaeyjabær

**Myndir**

Sigurjón Andrússon, forsíðu- og baksíðumynd. Mynd tekin í Sveitarfélaginu Hornafirði.  
Aðrar myndir í skýrslunni eru fengnar úr kynningum gesta nefndarinnar.

**Útlit og uppstilling skýrslu**

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, starfsmaður SASS

**Október 2023**

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Austurvegi 56  
800 Selfossi

[www.sass.is](http://www.sass.is)

## EFNISYFIRLIT

1.	Helstu forgangsverkefni í samgöngumálum á Suðurlandi 2023 – 2033.....	3
1.1.	Greinargerð um störf nefndarinnar.....	4
2.	Áherslur hagaðila .....	5
2.1.	Ungmennaráð SASS .....	5
2.2.	Lögregla.....	5
2.3.	Sjúkraflutningar .....	7
3.	Almenningssamgöngur á Suðurlandi .....	8
3.1.	Almenningssamgöngur á landi .....	8
3.2.	Almenningssamgöngur á sjó .....	8
3.3.	Almenningssamgöngur í lofti .....	9
4.	Fyrirhugaðar nýframkvæmdir og viðhaldsáætlun.....	10
5.	Tengivegir.....	14
6.	Vetrarþjónusta .....	14
7.	Hafnir á Suðurlandi .....	15
7.1.	Hornafjarðarhöfn .....	15
7.2.	Landeyjahöfn.....	15
7.3.	Vestmannaeyjahöfn .....	16
7.4.	Þorlákshöfn.....	16
8.	Veggjöld.....	16
9.	Svör sveitarfélaga við spurningum samgöngunefndar.....	17
9.1.	Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í nýframkvæmdum er varða samgöngur í sveitarfélaginu ykkar?.....	17
9.2.	Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í rekstri og viðhaldi samgöngumannvirkja í sveitarfélaginu ykkar?.....	20
9.3.	Ef horft er á Suðurland sem heild, hvaða þrjár samgönguframkvæmdir myndi sveitarstjórn ykkar setja fremst á blað, utan ykkar sveitarfélags? .....	23
9.4.	Hvaða sýn hefur sveitarstjórn á fyrirkomulagi almenningssamgangna á Suðurlandi (landsbyggðar-strætó, ferja og flug)?.....	25
9.5.	Annað sem sveitarstjórn vill koma á framfæri við samgöngunefnd SASS?.....	27

## 1. HELSTU FORGANGSVERKEFNI Í SAMGÖNGUMÁLUM Á SUÐURLANDI 2023 – 2033

Samgöngunefnd telur í vinnu sinni eðlilegt að lista upp forgangsverkefni í samgöngumálum í umdæminu. Að mati nefndarinnar eru eftirfarandi verkefni brýnust, þó ekki verði litið svo á að einn punktur sé mikilvægari en annar.

- Áfram þarf að forgangsraða vegaframkvæmdum á Suðurlandi í þágu öryggis vegfarenda. Mikill umferðarþungi er í umdæminu, ekki síst vegna mikillar fjölgunar ferðamanna, bæði á þjóðvegi 1 sem og í uppsveitum Árnessýslu.
- Víða þarf að breikka vegi og laga vegaxlir. Á þetta við um þjóðveg 1 frá Markarfljóti austur í Skaftafellssýslur en einnig marga stofnvegi í uppsveitum. Gera þarf rifflur í vegmiðjur og koma fyrir vegriðum fyrir þar sem bratt er niður af vegum.
- Einbreiðar brýr í Suðurkjördæmi á þjóðvegi 1 eru 17 talsins. Fagnaðarefni er að í samgönguáætlun er áætlað að þær hverfi allar nema ein sem er yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Nefndin hvetur til þess að ráðist verði í tvöföldun brúarinnar hið fyrsta samhliða tilfærslu vegarins vegna landrofs.
- Setja þarf útskot, afreinar og aðreinar á hættulega staði þar sem umferðarþungi og hröð umferð mæta heimreiðum og tengivegum. Þá þarf að huga að hjólréiðafólki og gangandi umferð.
- Mikilvægt er að ráðast í heildarendurskoðun á vetrarþjónustu og tryggja að þá daga sem vetrarfærð er sé snjór hreinsaður og vegir og gangstígar hálfkuvarðir.
- Efla þarf löggæslu og viðbragð sjúkraflutninga. Sýnileg löggæsla og öflugt umferðareftirlit heldur niðri umferðarhraða og eykur öryggi vegfarenda. Þá er mikilvægt að stytta viðbragðstíma lögreglu og sjúkraflutninga þar sem hann er mestur. Að því marki ber að fullkanna möguleikann á sérhæfðri sjúkrabyrly á Suðurlandi.
- Stórar og kostnaðarsamar nýframkvæmdir er hægt að fjármagna með hóflegum veggjöldum að hluta eða öllu leyti í samstarfi ríkis og einkaaðila. Útfæra þarf aðkomu ríkisins að slíkum framkvæmdum, hvort sem þær eru að fullu fjármagnaðar með veggjöldum eða að hluta úr ríkissjóði.
- Mikilvægt er að styrkja uppbyggingu ferðamannavega - þeir sjóðir sem styrkja slíka uppbyggingu þarf að efla þannig að raunverulegt fjármagn fái til framkvæmda. Þá er mikilvægt að aukið fjármagn fái til uppbyggingar og viðhalds stofn- og tengivega þannig að lagningu bundins slitlags á þá vegi verði hraðað.
- Tryggja þarf áfram nægilegt fjármagn til dýpkunar í og við hafnir á Suðurlandi og tryggja að dýpkun geti farið fram allan ársins hring. Þá þarf sömuleiðis að vinna að endurbótum á höfnunum og eftir atvikum stækkun þeirra, enda eru hafnirnar gríðarlega mikilvægar svæðinu og þjóðinni allri.
- Sunnlendingar eiga að vera brautryðjendur í grænum samgöngum á Íslandi líkt og gert var með rafvæðingu Herjólfss. Gera þarf stóráttak í að fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla um allt Suðurland og því þurfa sveitarfélög að vera tilbúin með skipulag fyrir slíkt. Þá þarf að vinna áfram í landtenging hafna.
- Fyrirbyggja þarf landrof sem ógnar mjög þéttbýlinu í Vík sem og við þjóðveg 1 á Breiðamerkursandi.

- Mikilvægt er að landsbyggðin hafi greiðan aðgang að skilvirkum, öflugum og hagkvæmum almenningssamgöngum sem tryggja aðgengi að þjónustu í höfuðborginni. Þá er mikilvægt að flugsamgöngur verði tryggðar til framtíðar bæði til Hornafjarðar og Vestmannaeyja.

### 1.1. Greinargerð um störf nefndarinnar

Samgönguáætlun SASS var fyrst samþykkt á ársþingi SASS á Selfossi í október 2017. Ári síðar var samþykkt að uppfæra áætlunina þar sem hún þarfnadist endurskoðunar. Vorið 2023 samþykkti stjórn SASS að ráðast þyrfti á nýjan leik í að uppfæra skýrsluna sem kann að vera til marks um að margt hafi gerst í samgöngumálum á undanförunum árum.

Samgöngunefnd var skipuð af stjórn SASS í ágúst 2023. Í nefndinni sátu Björn Kristinn Pálmarsson Grímsnes- og Grafningshreppi, Drífa Bjarnadóttir Mýrdalshreppi, Gauti Árnason Sveitarfélaginu Hornafirði, Guðlaug Einarsdóttir Ölfusi, Sólmundur Sigurðsson fulltrúi Ungmennaráðs Suðurlands, Viðar Steinarsson Rangárþingi ytra og Njáll Ragnarsson Vestmanneyjabæ sem var formaður nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar var Ingvi Már Guðnason hjá SASS.

Haldnir voru sex fundir hjá nefndinni. Líkt og árið 2019 var kallað eftir svörum frá öllum aðildarsveitarfélögum SASS um helstu forgangsverkefni í hverju sveitarfélagi í samgöngumálum og má sjá svör hvers sveitarfélags í kafla sjö hér að neðan.

Á fundi nefndarinnar mættu gestir sem komu á framfæri sínum sjónarmiðum sem gögnuðust nefndinni. Gestirnir voru aðilar frá Vegagerðinni (sjá kafla fjögur), Lögreglustjóranum á Suðurlandi (sjá kafla 2.2) og Sjúkraflutningum á Suðurlandi (sjá kafla 2.3). Auk þess kallaði nefndin eftir umsögn Ungmennaráðs Suðurlands (sjá kafla 2.1).

Í þessari skýrslu eru tekin saman þau verkefni sem sveitarfélögin á Suðurlandi leggja helst áherslu á að verði unnin í samgöngumálum á árunum 2023 - 2033. Tilgangurinn með henni er að marka stefnu fyrir Suðurland í samgöngumálum, gera grein fyrir helstu áætlunum og setja fram lista yfir það sem nefndin telur helstu forgangsverkefni framundan. Samgöngur sem fjallað verður um í þessari skýrslu ná yfir vegamál, hafnir, almenningssamgöngur og flugvelli á Suðurlandi.

Nefndin taldi nú sem áður mikilvægt að ná fram forgangsverkefnum sem sett eru fram í kaflanum hér að ofan. Í þeirri vinnu lagði nefndarfolk mat á svör sveitarfélaga við spurningum nefndarinnar auk þess að taka til greina samræður við hagsmunaaðila og viðbragðsaðila.



## 2. ÁHERSLUR HAGADILA

### 2.1. Ungmennaráð SASS

Ungmennaráð SASS telur brýnt að skoða hvernig hægt er að bæta almenningssamgöngur á Suðurlandi. Stór hluti ungmenna reiða sig á strætó til að komast í skóla, vinnu, eða tómstundir og henta fáar ferðir, sums staðar aðeins tvær ferðir á dag, flestum notendum ekki.

Í núverandi ástandi neyðast flest ungmenni til að halda úti bíl um leið og náð er bílprófsaldri og má segja að það sé ákveðinn kjara- og lífsgæðahalli á ungmenni suðurlands samanborið við ungmenni Reykjavíkur sem þurfa ekki að eiga bíl til að sækja sér menntun. Einnig er það hagur sunnlendinga allra að einblínt verði á grænar samgöngur í framtíðaráætlunum í samgöngumálum.


Göngu og hjólastígamál eru í ólestri í mörgum þéttbýliskjörnum á suðurlandi og er einfaldlega fátt um þá. Ungmennaráð telur brýnt að í uppbyggingu nýrra gatna og hverfa verði gert ráð fyrir gangstéttum og stígum og það framkvæmt samtímis gatnagerð svo það sæti ekki afgangi.

Einnig er mikilvægt að koma fyrir stéttum og stígum í eldri hverfum svo gangandi og hjólandi vegfarendur njóti lágmarks umferðaröryggis.

### 2.2. Lögregla

Á fund nefndarinnar mánudaginn 18. september mætti Grímur Hergeirsson, lögreglustjóri á Suðurlandi ásamt Sveini Kristjáni Rúnarssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni til að ræða m.a. þróun fjárveitinga til lögreglunnar, tölfræðigögn varðandi slysatíðni, umferðarlagabrot, umferðarþunga o.fl.

Í máli lögreglunnar kom fram að umferðarþungi í umdæminu eykst ár frá ári. Myndin hér að neðan sýnir vísitölu meðalumferðar á þjóðvegi 1, eftir landssvæðum, og þar kemur fram að mesta umferðaraukning undanfarinna ára er á Suðurlandi.



Ljóst er að þessi mikla aukning umferðar í umdæminu er ekki síst tilkomin vegna mikillar fjölgunar ferðamanna til landsins sem flestir hverjir leggja leið sína á Suðurland. Margir vegir, t.a.m. í uppsveitum eru þröngir og bera illa þann mikla fjölda sem keyrir þá.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi heldur úti hnitum allra útkalla vegna slysa í umdæminu. Á myndinni hér að neðan má sjá staðsetningar útkalla og viðbragðstíma lögreglu árið 2022 og tákna rauðu punktarnir þá staði þar sem viðbragðstími er lengri en 30 mínútur.



Að mati lögreglustjóra skiptir öll uppbygging samgöngumannvirkja gríðarlegu máli hvað varðar fækkun slysa og aukið öryggi vegfarenda. Þannig hafa þær einbreiðu brýr sem hafa verið tvöfaldaðar á undanförunum árum skipt sköpum varðandi öryggi á vegum. Sömuleiðis þeir vegkaflar þar sem axlir hafa verið lagaðar og vegir breikkaðir. Áfram verður að vinna markvisst í þessum efnum og forgangsraða þar sem umferð er mest.

Í máli lögreglustjóra kom fram að enn tíðkist að lögreglumenn starfi einir á vakt, séu einir á bílum og komi reglulega einir að erfiðum slysum með tilheyrandi álagi sem því fylgir. Það er því ljóst að efla þarf störf viðbragðsaðila og löggæslu til þess að auka eftirlit og stytta útkallstíma.

### 2.3. Sjúkraflutningar

Á fund samgöngunefndar mánudaginn 25. september mætti Hermann Marinó Maggýarson, yfirmaður sjúkraflutninga á Suðurlandi og ræddi m.a. mönnun, viðbragðstíma og tækifæri í að efla sjúkraflutninga.

Líkt og víða annars staðar innan heilbrigðiskerfisins er gríðarlegt álag á sjúkraflutningamenn. Sem dæmi má nefna að 2-3 sjúkrabílar eru staðsettir á Selfossi sem sinna u.þ.b. 3.400 flutningum í Árnassýslu á ári. Líkt og sjá má á mynd í kaflanum hér að ofan er bráðaviðbragð í uppsveitum Árnassýslu meira en 30 mínútur sem getur ekki talist ásættanlegt. Sömu sögu má segja um svæði í Skaftafellssýslum og Örfæum en þar er viðbragðstími einnig of langur.

Möguleiki er á að efla þjónustu á þessum stöðum með því að hafa til staðar viðbragðsaðila t.d. yfir háannatíma sem myndi stytta viðbragðstíma, viðkomandi gæti sinnt ákveðnu bráðaviðbragði en einnig metið þörfina fyrir að fá sjúkrabíl sendan á staðinn þegar um minni áverka er að ræða.

Í umræðunum var einnig rætt sjúkraþyrfluverkefnið og hvar það er statt. Sérhæfð sjúkraþyrfla er, að mati sjúkraflutningamanna, gríðarlega brýnt verkefni bæði til þess að stytta viðbragðstíma en einnig vegna vegalengda og tíma sem sjúklingur þarf að sitja í sjúkrabíl þar til hann kemst undir læknishendur í höfuðborginni. Það er miður að heilbrigðisyfirvöld hafi enn ekki komist af stað með verkefnið.

Þá kom fram í umræðum að skoða þyrfti til hlítar þann möguleika að bæta yfirlag flugbrauta í umdæminu þannig að fastvængjur í sjúkraflugi gætu lent þar og stytt þannig þann tíma sem tekur að koma sjúklingum undir læknishendur. Þessar brautir er m.a. að finna í Örfæum og í Skaftafellssýslu.

### 3. ALMENNINGSSAMGÖNGUR Á SUÐURLANDI

Hér að neðan verður fjallað um almenningssamgöngur á landi, í lofti og á legi. Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægar íbúum á landsbyggðinni þar sem þær tryggja aðgengi að t.a.m. heilbrigðisþjónustu sem ekki er að finna heima í héraði.

Almenningssamgöngur eiga, að mati nefndarinnar, að vera raunhæfur valkostur hvað varðar hagkvæmni og skilvirkni þannig að hvati sé hjá íbúum á Suðurlandi að nýta sér þær. Almenn tregur þessi ferðamáti úr umhverfisáhrifum og samgöngukostnaði auk þess að draga úr orkuþörf samgangna.

#### 3.1. Almenningsamgöngur á landi

Almenningssamgöngur gegna mikilvægu hlutverki. Þær tryggja aðgengi íbúa landsbyggðarinnar að þjónustu, þ.m.t. nauðsynlegri opinberri þjónustu í höfuðborginni, auka hreyfanleika og áreiðanleika, eru umhverfisvænn kostur og jafnframt styrkja þær og stækka vinnusóknarsvæði.

Almenningssamgöngur með strætó þurfa að vera greiðar, skilvirkar og hagkvæmar. Sýnt hefur verið að aldraðir, börn og ungmenni nýta sér almenningssamgöngur meira en aðrir hópar. Með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar á komandi áratugum mun fólki með skerta hreyfigetu fjölga og því brýnna að huga að aðgengi fyrir alla við hönnun samgöngumannvirkja og samgöngutækja.

Landsbyggðarstrætó stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum. Á fundum sínum ræddi nefndin að töluvert kostnaðarsamt sé að nýta sér þjónustu strætó, að ferðir séu óþarflega langar og þ.a.l. óskilvirkt að komast til höfuðborgarinnar eða á Selfoss. Slíkt sé sérlega óheppilegt fyrir þá sem sækja vinnu og/eða nám til beggja staða.

Þá kom fram að framhaldsskólanemar frá Suðurlandi þurfi að fara fyrr úr tímum en samnemendur þeirra í Reykjavík til þess að ná í tæka tíð vagninum austur fyrir fjall. Enn fremur var rædd tíðni ferða sem getur verið mjög mismunandi eftir stöðum.

Nefndin telur mikilvægt að ríkisvaldið standi vörð um almenningssamgöngur í landinu og styðji uppbyggingu almenningssamgöngukerfis með myndarlegum hætti. Þjónustuna þarf að miða við þarfir íbúa á svæðunum þannig að raunverulegur hvati sé fyrir þá að nýta sér þennan samgöngumáta. Þá telur nefndin fullt tilefni til þess að skapa hvata fyrir ferðamenn til að nýta sér í auknu mæli almenningssamgöngur.

#### 3.2. Almenningsamgöngur á sjó

Ein ferja er notuð í umdæminu til þess að koma fólki á milli staða og er það Herjólfur. Til þess að sjósamgöngur við Vestmannaeyjar gangi sem best er mikilvægt að Landeyjahöfn geti sinnt hlutverki sínu allan ársins hring. Um Landeyjahöfn er nánar rætt í kafla 5.3 hér að neðan.

Íbúar í Vestmannaeyjum þurfa að langstærstum hluta að reiða sig á Herjólf til þess að sækja þjónustu og afþreyingu til höfuðborgarinnar. Stórt skref var stigið í þjónustu Herjólf árið 2019 þegar rekstur ferjunnar var færður heimamönnum. Þessi ráðstöfun tryggir að þjónustan sé í þágu íbúa í Vestmannaeyjum en í dag eru sigldar sjö ferðir á dag á milli lands og Eyja. Tryggja ber að þjónusta ferjunnar verði áfram með þeim hætti að hún miði fyrst og fremst að þörfum íbúa í Eyjum.

Til framtíðar lítur nefndin svo á að mikilvægt sé að kanna til hlítar möguleikann á göngum milli lands og Vestmannaeyja. Rekstur jarðgangna er hagkvæmari en rekstur ferjuleiðar þegar allt er saman talið, auk þess sem þjóðhagslegur ábati af framkvæmdinni gæti orðið gífurlegur.

### 3.3. Almennings-samgöngur í lofti

Samgöngunefnd lítur svo á að flugsamgöngur séu órjúfanlegur hluti almennings-samgangna á landsbyggðinni. Kostnaður innanlandsflugs er hamlandi fyrir íbúa landsbyggðarinnar sem nota flugið til að sækja mikilvæga þjónustu og afþreyingu til höfuðborgarinnar. Kostnaðarsamt innanlandsflug gerir landsbyggðina ósamkeppnishæfa um fólk og fyrirtæki.

Á þeim árum frá því að hin svokallaða skoska leið í flugsamgöngum kom í gagnið hefur almenn notkun á flugi aukist. Samgöngunefnd lítur svo á að mikilvægt sé að halda slíkri niðurgreiðslu áfram þannig að innanlandsflugið festi sig í sessi sem almennings-samgöngur.

Innanlandsflugvallakerfið er veigamikill hluti af almennings-samgöngukerfi landsins og samanstendur af öðrum flugvöllum og lendingarstöðum ríkisins en Keflavíkurflugvelli. Grunnnet flugvalla tekur mið af flugvöllum með reglulegt áætlunarflug, bæði flugvöllum með áætlunarflug á markaðslegum forsendum og ríkisstyrktum áfangastöðum samkvæmt útboði sem búa við skertar samgöngur.

Framkvæmdir og viðhald í þessu flugvallakerfi eru fjármagnaðar úr ríkissjóði samkvæmt þjónustusamningi við samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið en í auknum mæli með notendagjöldum. Mikilvægt er að flugvöllum á Suðurlandi sé haldið sómasamlega við þar sem þeir tryggja ekki einungis möguleika á áætlunarflugi heldur gegna líka mikilvægu hlutverki er varðar sjúkraflug.


Hvatt til þess við flugmálayfirvöld setji strax af stað vinnu við að gera fleiri flugvöllum, t.d. á suðurlandi kleift að taka á móti minni flugvélum erlendis frá. Koma þarf fyrir búnaði og aðstöðu til að hægt sé að sinna þaðan millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og flugvélum í ferjuflugi.

Það er vaxandi áhugi erlendra gesta að geta komið á sínum eigin flugvélum og lent t.d. á Hornafjarðarflugvelli og í Vestmannaeyjum. Mikil aukning ferðamanna, uppbygging á háklassa gististöðum og afþreyingu, ásamt aðgengi að einstakri náttúru skapa tækifæri fyrir nýjan markhóp gesta. Þessir flugvellir gegna mikilvægu hlutverki í samgöngukerfi landsins og nú á tímum er mikilvægt að skoða áframhaldandi uppbyggingu á flugvöllum til hagsbóta fyrir heimamenn og atvinnulífið.


#### 4. FYRIRHUGAÐAR NÝFRAMKVÆMDIR OG VIÐHALDSÁÆTLUN

Á fund samgöngunefndar mættu fulltrúar Vegagerðarinnar, þeir Valtýr Þórisson og Svanur Bjarnason. Kynntu þeir helstu verkefni á Suðurlandi skv. Samgönguáætlun 2024-2038, framlög til viðhalds og nýframkvæmda, tengivegaáætlun og áætlun um fækkun einbreiðra brúa. Verður hér á eftir gerð grein fyrir helstu framkvæmdum í umdæminu.

##### Hringvegur um Lón. 2034-2038 - 4.900 m.kr.




##### Hringvegur um Hornafjarðarfliót. 2024-2026 - 5.880 m.kr.




Á austasta svæði SASS er gert ráð fyrir nýframkvæmdum við hringveginn um Lón á þriðja tímabili áætlunarinnar. Um er að ræða breikkun vegar og styttingu þjóðvegarsins um allt að fimm km. Þá gætu fimm einbreiðar brýr dottið út við framkvæmdina. Svæðið er mikið vindasvæði og ljóst að öryggi vegfarenda eykst mikið við flutning vegarsins.

Framkvæmdir við hringveg um Hornafjörð eru hafnar og eru áætluð verklok 2026. Um 12 km styttingu þjóðvegars 1 er að ræða sem fækkar einbreiðum brúm um þrjár.

##### Hringvegur um Jökulsá á Breiðamerkursandi. 2027- 270 m.kr. og 2033-2038 - 3.300 m.kr.




##### Hringvegur um Fagurhólmvíri. 2029-2033 - 130 m.kr.




Á árinu 2027 er áætlað að hefja endurbyggingu vegarins um Jökulsá á Breiðamerkursandi og verja hann fyrir ágangi sjávar. Þá verða endurbætur gerðar á hringvegi um Fagurhólsmýri á öðru tímabili áætlunarinnar.

**Hringvegur, Gljúfursá-Morsá. 2029-2033 – 3.100 m.kr. 2034-2038 - 1.500 m.kr.**




**Hringvegur, Fossálar-Breiðbalakvísl. 2029-2033 - 2.850 m.kr.**




Á öðru og þriðja tímabili Samgönguáætlunar er gert ráð fyrir nýjum vegi í Skaftafelli um Gljúfursá og Morsá. Um fimm km styttingu hringvegarins er að ræða auk þess sem fjórar einbreiðar brýr detta út. Svæðið er mikið vindasvæði og ljóst að öryggi vegfarenda eykst mikið við flutning vegarins.

Þá er gert ráð fyrir nýjum vegi austan Kirkjubæjarklausturs, um Fossála og Breiðbalakvísl á öðru tímabili áætlunarinnar. Styttir sú framkvæmd hringveginn um 0,7 km auk þess sem einbreiðum brúm fækkar um tvær.

**Hringvegur um Reynisfjall. 2029-2033 – 700 m.kr.**




**Hringvegur, Markarfljót-Skeiðavegamót. 2034-2038 – 1.500 m.kr.**




Í nýframkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir nýjum vegkafli um Reynisfjall á öðru tímabili. Í áætlunum Vegagerðarinnar er aftur á móti ekki gert ráð fyrir göngum í gegnum fjallið og nýju vegstæði. Nefndin telur það vera vonbrigði enda ljóst að með færslu vegarins og göngum í gegnum Reynisfjall næðist að stytta þjóðveg 1 umtalsvert á sama tíma og öryggi vegfarenda sem og íbúa í Vík væri betur tryggt til framtíðar.

Á þriðja tímabili verður hringvegur austan Skeiðavegamóta að Markarfljóti endurbættur og breikkaður.

**Hringvegur, Skeiðavegamót-Selfoss. 2029-2033 – 1.200 m.kr. og 2034-2038 – 6.700 m.kr.**




**Hringvegur um Ölfusá. 2024-2026 – 14.000 m.kr.**




Á hringveginum austan Selfoss að Skeiðavegamótum verður á öðru og þriðja tímabili áætlunarinnar gert ráð fyrir breikkun vegar og aðgreiningu akstursstefna. Þá eru framkvæmdir áætlaðar á árunum 2024 – 2026 um nýjan hringveg og brú yfir Ölfusá norðan við Selfoss. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði samvinnuverkefni sem verður að hluta fjármagnað með veggjöldum.

**Hringvegur, Varmá-Kambar. 2027-2028 – 3.350 m.kr.**




**Biskupstungnabraut um Geysissvæðið og Tungufljót. 2029-2033 – 1.800 m. kr.**






Á fyrsta tímabili er áætluð nýframkvæmd við færslu vegar um Varmá og Kamba við Hveragerði. Sömuleiðis er á öðru tímabili áætlað að færa vegstæði á Biskupstungnabraut um Geysissvæðið og Tungufljót.

#### Kjalvegur, Kattarhryggur-Kerlingarfjallavegur. 2029-2033 – 1.200 m.kr.



#### Þrengslavegur um Skógarhlíðarbrekkur. 2028-2029 – 1.100 m.kr.



Á öðru tímabili er áætlað að breikka veg og leggja bundið slitlag á Kjalveg að Kerlingarfjallavegi.

Gert er ráð fyrir að árin 2028-2029 verði hluti þrengslavegar breikkaður og akstursstefnur aðskildar um Skógarhlíðarbrekkur. Nefndin telur, í ljósi mikilla frakt- og fólksflutninga um þrengslaveg, mikilvægt að aðskilja akstursstefnur ekki einungis um Skógarhlíðarbrekkur heldur öll þrengslin.

### Tengivegaáætlun 2023-2027 fyrir Suðursvæði

Suðursvæði		Umferð 2022											
Vegnr.	Ka.	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd	Kostn.	/km	ÁDU	SDU	2023	2024	2025	2026	2027
204	03	Meðallandsvegur	Slitlagsendi-Efri ey	5	250	50	29	33			150	100	
208	01	Skaftártunguvegur	Hlíð-Gröf	3	190	63	60	114	179				
214	01	Kerlingadalsvegur	Höfðabrekka-Kerlingadalsv.	1,5	75	50	179						75
250	01	Dímonarvegur	Hringvegur-Auravegur	3	150	50	154			150			
252	02	Landeyjavegur	Gunnarshólm-Sléttuból	4	200	50	44				60	140	
252	06	Landeyjavegur	Þúfa/Einungismýri-Ártúnsvegur	4	200	50	78				200		
268	01	Þingskálavegur	Hlíð-Bólholt	7,5	413	55	120		413				
271	01	Árbæjarvegur	Frá slitlagsenda við Árbakka að Bjallaveg	5	216	43	245		216				
286	01	Hagabraut	Landvegur - Reiðholt	7	420	60	120		210	210			
311	01	Önundarholtsvegur	Gaulverjabæjarvegur - Skyggisholt	3	150	50	164	195					150
325	01	Gnúpverjavegur	Mön-Ásaskóll	1	50	50	56			50			
341	01	Langholtsvegur	Frá slitlagsenda að Auðholtsvegi	2,7	172	64	261		8				
344	01	Hrunavegur	Hrunamannavegur-Kaldbaksvegur	3	194	65	141	210	5				
351	01	Búrfellsvegur	Milli slitlagsenda	4,3	235	55	216	291	116				
358	01	Einholtsvegur	Drumbodst.v.-Hrunamannavegur	7,52	451	60	82			43	200	210	
431	01	Hafravatsvegur	Frá Nesjavallaleið	4	188	47	250	321	5				
460	01	Eyrarfjallsvegur	Hvalfjarðarvegur	1,5	95	63	73		95				
<b>Samtals</b>									624	623	603	560	575

Vegagerðin

Á síðustu mynd þessa kafla ber að líta tengivegaáætlun 2023-2027 á Suðurlandi.

## 5. TENGIVEGIR

Tengivegir eru hlutfallslega stór hluti vegakerfis á Suðurlandi og þjóna sem slíkir daglegum þörfum þeirra sem við þá búa og gesta þeirra, hvað varðar samgöngur við umheiminn. Á síðustu árum hefur umferð um þessa vegi stórukist einkum vegna fjölda ferðamanna sem um þá fara.

Hvað varðar ferðamannaumferðina kemur tvennt til: annarsvegjar ferðamenn sem eru að skoða landið og svo þeir ferðamenn sem eru að sækja sér þjónustu, þ.e. gistingu, matsölustaði og aðra afþreyingu. Oftar en ekki er tengivegurinn eina neikvæða umsögnin sem ferðamaðurinn gefur á ferð sinni um svæðið.

Ástand þessara vega, sem enn eru að stórum hluta malarvegir, er í engu samræmi við umferðarpunga og kröfur líðandi stundar. Í ljósi þessa eru óbreyttar fjárveitingar til vegaflokksins algjörlega óásættanlegar og verður að gera þá kröfu að bundið slitlag verði komið á alla tengivegi, sem fólk býr við, innan næstu fimm ára.

## 6. VETRARÞJÓNUSTA

Eins og áður segir hefur umferð um þjóðveg 1 yfir vetrartímann stórukist með fjölgun ferðamanna. Yfir vetrarmánuðina hefur Vegagerðin setið undir gagnrýni fyrir þjónustustig vetrarþjónustu í umdæminu.

Nefndin telur að uppfæra þurfi viðmunaðarreglur Vegagerðarinnar er varðar þjónustuflokkum vega til þess að koma vetrarþjónustu í ásættanlegt horf. Nauðsynlegt er að ná fram nýrri nálgun í vetrarþjónustu, fjölga tækjum sem henta nútíma vegum og hraða opnun vega þegar þeir lokast með sólarhringsþjónustu. Á þetta sérstaklega við um þjónustu á Hellisheiði, vegkaflann frá Eyjafjöllum og að Höfn að Hornafirði þar sem fimm til sex snjóruðningsbílar sinna þar um 300 km kafla.

Vegagerðin í samráði við sveitarfélögin þarf að greina hvar stærri hótél og gististaðir eru staðsett til að meta þörf og bjóða upp á skipulagðan fylgdar akstur á þessa gististaði svo megi koma í veg fyrir opnun fjöldahjálpastöðva mannaðar af sjálfboðaliðum komi til vegalokana vegna ófærðar.

Með því að setja upp fjarstýrðar slár við helstu gististaði á milli lokunarpósta væri hægt að fækka þeim tilvikum þegar ferðamenn fara út á lokaða vegi sem tryggir ekki bara öryggi þeirra en einnig eykur afköst við snjómokstur.

Þrátt fyrir að sinni daglegri vetrarþjónustu telur nefndin Vegagerðina þurfa kanna möguleikann á því að eiga og reka lágmarks tækjabúnað t.d. snjóblásara og önnur tæki sem hægt væri að senda inn á þau svæði sem lenda í óvenjulega miklum snjóþyngslum.

## 7. HAFNIR Á SUÐURLANDI

Á Suðurlandi er að finna fjórar hafnir. Hér að neðan verður fjallað um þær, helstu viðhaldsþarfir og þær framkvæmdir sem brýnt er að ráðast í.

Höfn  Verkefni	Kostnaður		2024	2025	2026	2027	2028	2029+	Hluttur ríkisstj.	
	Heildar- kostn.	Loktá 1.1.2024	Kostn. Fjárv.	Kostn. Fjárv.	Kostn. Fjárv.	Kostn. Fjárv.	Kostn. Fjárv.			
<b>Þorlákshöfn</b>										
Suðurvarargarður, lenging um 250 m og snúningur um 41° og rif tunnu	2300	1242	621,0	300,5	437,0	211,5			60%	
Dýpkun við Suðurvararbryggju (-8 m dýpi) og innsiglingu og snúningsrýmis (-9 m dýpi)	600,0		150,0	72,6	450,0	217,7			60%	
Austurgarður, stytting garðs um 60 m	100,0	100,0							75%	
Austurgarður, ný tunna við garðsenda	250,0					200,0	96,8	50,0	24,2	60%
Svartaskersbryggja, endurbygging (stálþil og þekja, 230 m, -8 m dýpi)	544,0	544,0							75%	
Suðurvararbryggja, endurbygging (stálþil og þekja, 210 m, -9,5 m dýpi)	560,0	560,0							75%	
Skarfaskersbryggja - Lenging bryggju, 30 m	240,0				100,0	48,4	240,0	116,1		60%

<b>Hornafjörður</b>												
Miklagarðsbryggja endurbyggð (stálþil og þekja, 78 m, -5 m dýpi)	218,0	174,7	43,3	26,2						75%		
<b>Vestmannaeyjar</b>												
Nausthamar, lenging til austurs (stálþil og þekja, 70 m, -7 m dýpi)	210,0		20,0	9,7	50,0	24,2	140,0	67,7		60%		
Hörgaeyrargarður, stytting og dýpkun (200.000 m <sup>3</sup> )	942,0		100,0	48,4	414,0	200,3	428,0	207,1		60%		
Ferjubryggja, nýja ferjuaðstaða (stálþil 110 m og ekjubrú)	600,0				80,0	48,4	120,0	72,6	170,0	102,8	+	75%

Á myndinni hér að ofan ber að líta áætlað fjármagn til hafna (utan Landeyjahafnar) á Suðurlandi í samgönguáætlun 2024-2038.

### 7.1. Hornafjarðarhöfn

Grynnslin eru sandrif fyrir utan Hornafjarðarós. Óvissa um dýpkun á grynnslinum hefur verið hamlandi þáttur í áætlunum um stórfelda fjárfestingu og áframhaldandi uppbyggingu sjávarútvegs í Hornafirði, bæði hvað varðar löndun og útflutning, en einnig frekari komu stærri skipa til Hornafjarðar eins og skemmtiferðaskipa. Þetta hefur í för með sér óvissu og tekjumissi fyrir höfnina og samfélagið allt.

Dýpkunarskip verður til staðar á Höfn frá og með næstu áramótum sem nýta mun öll tækifæri sem gefast til að dýpka siglingarennuna. Vegagerðin þarf svo í samráði við heimafólk að nýta þá reynslu til að móta langtíma aðgerðir til að tryggja rekstrarhæfi hafnarinnar á Höfn. Samhlíða verði áfram unnið að rannsóknum á náttúrulegum aðstæðum í Grynnslinum.

### 7.2. Landeyjahöfn

Landeyjahöfn var opnuð sumarið 2008. Með siglingum til hafnarinnar styttest siglingartíminn mikið og ferðum var fjölgað. Því var um að ræða mikla samgöngubót milli lands og Vestmannaeyja.

Yfir vetrarmánuðina lokast höfnin aftur á móti oftast en ekki í styttri eða lengri tíma vegna veðuráðstæðna og dýpis. Því er nauðsynlegt að ráðast í úttekt á hafnarmannvirkjunum með það fyrir augum að gera höfnina þannig úr garði að hún geti sinnt hlutverki sínu allan ársins hring.

Sömuleiðis er mikilvægt að halda áfram dýpkun í og við höfnina óháð árstíma. Dýpkunarskip þarf að vera til taks við suðurströndina til þess að sinna höfnum á Suðurlandi ekki síst Landeyjahöfn.

Þá er löngu orðið ljóst að í ljósi mikillar fjölgunar farþega í Landeyjahöfn þurfi að stækka móttökuhús fyrir farþega, bæði í Landeyjum og í Vestmannaeyjum.

### 7.3. Vestmannaeyjahöfn

Vestmannaeyjar eru eitt öflugasta sjávarútvegssveitarfélag landsins og er útflutningur sjávarafurða þaðan gríðarlega mikilvægur þjóðarbúskapnum. Höfnin í Vestmannaeyjum ræður illa við móttöku stærra skipa og auk þess eru horfur á að fraktskip fari stækkandi á komandi árum sem núverandi höfn ræður ekki við.

Af því leiðir að mikilvægt er að stórefla hafnaraðstöðuna í Vestmannaeyjum með því að koma upp hafnarkanti til útskipunar sjávarafurða auk þess sem slíkur kantur bætir aðstöðu til móttöku ferðamanna á skemmtiferðaskipum.

### 7.4. Þorlákshöfn

Þorlákshöfn hefur fest sig í sessi sem öflug útflutningshöfn með reglulegri komu fraktskipsins Mykiness. Í dag er hún ein mikilvægasta vöruhöfn þjóðarinnar og gegnir sem slík lykilhlutverki í grunninnviðum samgangna á Suðurlandi. Fyrir liggur að með frekari stækkun Þorlákshafnar myndu skapast enn frekari tækifæri til sóknar fyrir atvinnulífið á Suðurlandi og því mikilvægt að ráðast tafarlaust í hönnun og annan undirbúning hvað það varðar. Þá er brýnt að halda endurbótaverkefni áfram svo höfnin geti sinnt þjónustu sem hún veitir í dag.

Bent hefur verið á að hafnirnar á Suðurlandi ættu að bjóða sameiginlega út dýpkunarframkvæmdir þar sem sandburður hindrar umferð. Þegar umfangið er orðið þetta mikið þá gæti verið kominn grundvöllur til þess að skoða hvort sameiginlegt útboð myndi skila sér í að stærra og öflugra skip með meiri afkastagetu yrði fengið til verksins.

## 8. VEGGJÖLD

Samgöngunefnd ræddi veggjöld á fundum sínum. Á ársþingi SASS árið 2022 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*“Ársþing SASS 2022 ítrekar fyrri ályktanir og leggur áherslu á að farið verði strax í stórar nýframkvæmdir við fjölförnustu vegi landsins. Slíkar nýframkvæmdir er hægt að fjármagna með hóflegum veggjöldum í samstarfi ríkis og einkaaðila”.*

Í raun má fullyrða að þarna sé fastar að orði kveðið er varðar umræðu um veggjöld hjá samtökunum þar sem fyrri ályktanir hafi ýmist lagst gegn áformum um veggjöld eða að þær hafi sett þann fyrirvara við slík áform að til staðar séu aðrir vegir sem hægt sé að fara án þess að greiða veggjald.

Ljóst er að til þess að gera stóráttak í nýframkvæmdum í samgönguinnviðum þarf ríkið að fjármagna slíkt í samstarfi við einkaaðila. Hafa slíkar framkvæmdir gefið góða raun víðast hvar í nágrennalöndum okkar. Sem dæmi um framkvæmdir þar sem slíkt leið væri fýsileg má nefna

nýjan vegkafla um Mýrdal og göng í gegnum Reynisfjall, tvöföldun Þrengslavegar, nýja brú yfir Ölfusá við Selfoss og jarðgöng á milli lands og Vestmannaeyja.

## 9. SVÖR SVEITARFÉLAGA VIÐ SPURNINGUM SAMGÖNGUNEFNDAR

Við uppfærslu skýrslunnar frá 2019 voru sendar út fimm spurningar til aðildarsveitarfélaga SASS þar sem spurt var um áherslur og forgangsverkefni sem sveitarstjórnir sæju fyrir sér sem mikilvægastar til næstu 10 ára.

Hér að neðan birtast svör sveitarfélaganna við spurningum nefndarinnar.

9.1. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í nýframkvæmdum er varða samgöngur í sveitarfélaginu ykkar?

### Ásahreppur:

1. Göngu-, reiðhjóla- og reiðstígar innan sveitarfélagsins. Undirgöng undir Þjóðveg 1 fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi fólk. Sérstaklega er bent á nauðsyn slíkra framkvæmda við gatnamótin að Króki, Sumarliðabæ og Borgarholti.
2. Slitlag á heimreiðar þar sem ný íbúðarhús/nýbýli hafa risið og eru enn þá með malarvegi.
3. Setja upp fleiri útskot við gatnamót á Þjóðvegi 1, svo sem gatnamótin að Syðri-Hömrum. Það þyrfti að vera regla að útskot séu við alla afleggjara frá Þjóðvegi 1, þar sem um mjög brýnt öryggismál er að ræða.

### Bláskógabyggð:

1. Uppbygging á Einsholtsvegi (358) sem er tengivegur.
2. Færsla á Biskupstungnabraut suður fyrir Geysi með nýrri brú á Tungufljóti.
3. Uppbygging Kjalvegjar.

### Grímsnes- og Grafningshreppur:

1. Aðkomu við Kerið þarf að bæta.
2. Hringtorg við Borg, í ljósi mikillar uppbyggingar við þennan þéttbýliskjarna er nauðsynlegt að sett verði annað hringtorg til að bæta tengingar og draga úr umferðarhraða.
3. Breikka þarf brú milli Stóra-Háls og Torfastaða í Grafningi en hún er einbreið í dag.

### Rangárþing eystra:

1. Bundið slitlag á héraðs- og tengivegi.
2. 2+1 við Þjóðveginn, a.m.k. á álagsstöðum.
3. Þjóðvegur 1 í gegnum Hvolsvöll.

### Hrunamannahreppur:

1. Tveggja akreina brú yfir Hvítá við Brúarhlöð. Mikil umferð stórra bíla er yfir brúna. Brúin er mjög og því nauðsynlegt að huga að breikkun á brúnni.
2. Klára uppbyggingu og lagningu klæðningar á veg 344 frá Hruna um Kirkjuskarð að vegi 30. Mikil umferð er um veginn og hann er mjög slæmur.
3. Byggja upp veg 340 - Auðsholtsveg og leggja klæðningu á hann. Vegurinn er mikið keyrður og liggur að mörgum bæjum. Vegurinn verður fyrir ágangi vatns þegar flóð verða

Í ám á svæðinu sem veldur því að hann lokast. Það er því nauðsynlegt að hækka veginn og verja hann þannig að ekki lokist á, þá einu, leið ábúenda sem búa við veginn.

#### Skaftárhreppur:

1. Veglínin frá Breiðbalakvísl, austur fyrir Fossála. Með nýrri veglínu, auk tveggja nýrra brúa á Breiðbalakvísl og Fossála væri búið að tvöfalda allar brýr á Þjóðvegi 1 í Skaftárhreppi.
2. Ný vegtenging á Lakavegi. Ný vegtenging af Þjóðvegi 1 vestan við Dalbæjarstapa með nýrri brú á Skaftá myndi gerbreyta/bæta aðkomu að Fjaðrárgljúfri og Laka, auk þess sem þá einnig myndi léttu verulega íþyngjandi umferðarálagi af bæjarhláði á Hunkubökkum en samkvæmt talningu Vegagerðarinnar var dagleg meðtaltalsumferð árið 2022, 940 bílar um Holtsveg (206).
3. Uppbygging Fjallabaksleiðar nyrðri. Vegna mögulegra eldsumbrota í Mýrdalsjökli (Kötlugos) er skynsamlegt að gera ráð fyrir varatengingu á Þjóðvegi 1 um Skaftárhrepp og þar með hringtengingu landsins. Tillaga að svæðisskipulagi Suðurhálendisins gerir ráð fyrir því að Fjallabaksleið nyrðri verði stofnvegur á hálendi sem jafnframt gæti þjónað tilgangi ef og þegar kemur til einhverskonar náttúruhamfara á svæðinu. Ljóst er, með vísan til sögunnar, að samgöngur á sunnanverðu landinu kunna að raskast verulega komi til eldsumbrota í Mýrdalsjökli og allar líkur til þess að það geti varað vikum eða mánuðum saman. Nú þegar er komið bundið slitlag að vestanverðu inn í Hrauneyjar og að austanverðu upp fyrir Úthlíð í Skaftártungu. Hvort einhvern tímann verður lagt bundið slitlag á alla leiðina ræður ekki úrslitum, heldur hitt að vegurinn verði lagaður og byggður upp úr landinu svo hann geti þjónað öryggishlutverki sem varaleið.

#### Sveitarfélagið Hornafjörður:

1. Stytting Þjóðvegur í Örfæfum.
2. Göng í gegn um Lónsheiði.
3. Þjóðvegur í Þéttbýli.

#### Flóahreppur:

1. Uppbygging vega í sveitarfélaginu hefur gengið hægt undanfarna áratugi og viðhald og nýframkvæmdir í vegakerfinu verið af skornum skammti áratugum saman. Tengivegir í sveitarfélaginu ná hvergi saman með bundnu slitlagi og þeir tengivegir og héraðsvegir sem enn eru malarvegir eru í mjög slæmu ástandi. Mölbúðaráætlun fyrir haustið gerir ráð fyrir einhverjum umbótum en betur má ef duga skal.
2. Langir héraðsvegir svo sem Ölvisholtsvegur, Oddgeirshólavegur, Langholtsvegur og Ármótavegur eru í slæmu ástandi. Við þessa vegi eru margir bæir og margir íbúar. Brýnt er að vegirnir verði bættir með góðu yfirborðsefni og reglulegri heflun.
3. Ný Ölfusárbrú: Undirbúningur og vinna vegna brúarinnar er í fullum gangi hjá Vegagerðinni, Árborg og Flóahreppi. Mikilvægt er að vel og ákveðið sé haldið áfram með verkefnið enda brýnt að leysa þann umferðarvanda sem skapast á hringvegi 1 í gegnum Selfoss. Þung umferð innan þéttbýlis á Selfossi hefur áhrif á íbúa Flóahrepps sem sækja verslun og þjónustu á Selfoss og margir íbúar stunda atvinnu í Árborg, Ölfusi, Hveragerði og á höfuðborgarsvæðinu.

**Rangárping Ytra:**

1. Fyrsta forgangsverkefnið er að klæða um 70 km af malartengivegum með bundnu slitlagi innan sveitarfélagsins, sbr. Vegaúttekt sem sveitarfélagið hefur látið vinna á vegakerfi Rangárþings ytra. Það þarf að skilgreina Landveg sem stofnveg og að malbikun þeirra 13,5 km sem þar eru eftir fylgi fjárhagsramma stofnvegur. Þá þarf að skipta klæðningu þeirra tengivega sem eftir eru upp í fjóra áfanga til næstu fjögurra ára. Um er að ræða Hagabraut (19,52 km), Rangárvallarveg (8,95 km), Þingskálaveg (19,1 km) og síðan aðra styttri vegi þ.e. Árbæjarveg, Bjallaveg og Sumarliðaveg. Ekki tekin afstaða til innbyrðis forgangsroðunar þessara fjögurra áfanga.
2. Mikilvæg hringtenging í gegnum Þykkvabæ um Sandhólaferjuveg við Ásaveg í Ásahreppi.
3. Uppbygging heilsársvegar frá Landavegi yfir Ytri Rangá sem tengist Heklubæjum og Þingskálavegi.

**Vestmannaeyjabær:**

1. Mikilvægt er að ljúka rannsóknum og kanna til hlítar möguleika og fýsileika gangna/vegtengingar á milli lands og Eyja
2. Fyrirsjáanlegt er að umsvif Vestmannaeyjahafnar muni aukast á komandi árum og því er þörf á að fara í uppbyggingu bryggjukants til þess að þjónusta flutningaskip sem fara sífellt stækkandi.

**Hveragerðisbær:**

1. Tilfærsla Hringvegar 1, Suðurlandsvegar á milli Kamba og Varmár, með undirgöngum og nýju hringtorgi.
2. Lagning Hrauntungu, nýs vegar í nýju hverfi, Kambalandi.
3. Lagning Vesturmarkar og Austurmarkar samhliða tilfærslu Hringvegar 1.

**Sveitarfélagið Árborg:**

1. Ölfusárbrú og vegkaflar báðumegin brúar.
2. Göngubrú yfir Ölfusá við Tryggvaskála
3. Endurbætur á Óseyrarbrú og vegkafla milli Selfoss og Þorlákshafnar vegna aukinnar umferðar. Flutningar munu aukast enn frekar um þennan veg á næstu árum með uppbyggingu hafnarinnar í Þorlákshöfn og mögulegum farþegaflutningum frá Evrópu.

**Sveitarfélagið Ölfus:**

1. Stækkun Þorlákshafnar til norðurs (Norðurhöfnin).
2. Breikkun og lýsing á Þrengslavegi, lýsing við gatnamót Þrengsla og Suðurlandsvegar (þjóðvegur 1), lýsing við gatnamót Þorlákshafnarvegar og vegar sem liggur að Hveragerði.
3. Breikkun vegarins milli Þrengsla og Hveragerðis, klifurrein upp Skógarhlíðarbrekkuna.

**Mýrdalshreppur:**

1. Umferðaröryggi í Vík. Sveitarstjórn leggur eftirfarandi til:
  - a. Skoða ætti gerð hringtorgs í vesturhluta Víkur sem tengjast mun Mýrarbraut, Austurvegi 1 og 7 og vegi upp á Reynisfjall í því augnamiði að draga úr umferðarhraða í gegnum bæinn.
  - b. Lýsing og merkingar á gangbrautum verði bættar enn frekar.
  - c. Ráðist verði í gerð hringtorgs við eystri mörk iðnaðarsvæðis sem mun tengjast inn á nýtt íbúðar- og þjónustusvæði skv. Aðalskipulagi.
2. Varnir þjóðvegur austan við Vík verði tryggðar, sveitastjórn skorar á Vegagerðina að hefja þegar hönnun og undirbúning sjóvarna austan við þær sem þegar hefur verið ráðist í.
  - a. Mikilvægt er að þriðji sandfangarinn fái stað í áætlunum Vegagerðarinnar enda hefur á síðustu árum komið berlega í ljós hversu hratt getur gengið á landið þegar illa viðrar. Mikilvægt er að þjóðvegur 1 sé tryggður en í óveðrum hefur sjór flætt upp að honum og hann ekki öruggur gegn landrofi við núverandi aðstæður.
  - b. Samhliða gerð þriðja sandfangara þarf að verja endann á Kötlugarðinum sem varð illa úti í kjölfar mikils landrofs veturinn 2021-2022, enda stutt frá fjöru að þjóðvegi við varnargarðinn.
3. Gerð afreina af fjölförnum afleggjurum, sveitarstjórn leggur áherslu á að haldið verði áfram með gerð afreina eins og gert hefur verið við afleggjara að Dyrhólaey og Reynishverfisvegi. Ráðast þarf í gerð slíkra afreina við :
  - a. Mýrdalsjökulsveg (222)
  - b. Péturseyjarveg (219)
  - c. Brekkaveg (2140)
  - d. Kerlingardalsveg (214)

Sem framtíðarlausn telja fulltrúar B-lista að mikilvægt sé að nýr láglandivegur fái stað í áætlunum ríkisins og að þjóðvegur 1 verði færður út fyrir þéttbýlið í samræmi við aðalskipulag.

9.2. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í rekstri og viðhaldi samgöngumannvirkja í sveitarfélaginu ykkar?

**Ásahreppur:**

1. Viðhald á tengi- og héraðsvegum.
2. Slitlag er víðast hvar í slæmu ástandi innan sveitarfélagsins.

**Bláskógabyggð:**

1. Sinna viðhaldi á helstu stofnvegum sem liggja að fjölförnustu ferðamannastöðum landsins, Biskupstungnabraut.
2. Þingvallavegur.
3. Laugarvatnsvegur.



**Grímsnes- og Grafningshreppur:**

1. Þingvallavegur, í ljósi mikillar umferðar þarfnast þessi vegur stöðugs og góðs viðhalds, sem einnig á við um Biskupstungnabraut.
2. Kafli við Írafosstöð að Úlfjótavatni, stuttur vegkafli sem þyrfti að malbika eða setja bundið slitlag á.
3. Sólheimavegur, nauðsynlegt er að viðhald á þessum vegi sé gott.
4. Grafningsvegur Neðri.

**Rangárþing eystra:**

1. Viðhald á héraðs- og tengivegum, brýr á tengivegum eru orðnar þreyttar.
2. Frekari nýting Landeyjarhafnar.
3. Þjóðvegur nr. 1.

**Hrunamannahreppur:**

1. Bæta þarf vetrarþjónustu þannig að alla daga vikunnar, þegar vetrarfærð er, sé hreinsaður snjór og hálkuvárið bæði á vegum og gangstígum
2. Efla umferðaröryggi t.d. með hraðahindrunum á Langholtsveginn inni á Flúðum.
3. Hefla þarf malarvegi reglulega til að halda þeim ökuhæfum. T.d. má nefna veg nr. 345 frá Hruna að Sólheimum. Mikil umferð ferðamanna er um þennan veg þar sem að fjölsóttur ferðamannastaður er þar, Hrunalaug.

**Skaftárhreppur:**

1. Meðallandsvegur (204), tengivegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Skólaaksturleið og mikil umferð ferðamanna. Vegurinn er í mjög slæmu ástandi og hluti leiðarinnar varhugavert vegstæði. Brýnt er að styrkja veginn, byggja hann upp og leggja bundnu slitlagi enda er vegurinn varaleið þjóðvegur 1 komi til lokunar í Eldhrauni. Fyrir um 40 árum var lagt einbreytt slitlag á hluta af Meðallandsveg, það er nú algjörlega uppslitið og þarfnast algerrar endurnýjunar.
2. Álftaversvegur (211 og 212), tengivegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Skólaakstursleið og mikil umferð ferðamanna. Slæmur malarvegur, mjór og holóttur. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.
3. Skaftártunguvegur (208 og 210). Skólaakstursleið og mikil umferð ferðamanna. Hluti Skaftártunguvegar er með bundnu slitlagi og mikilvægt að klára veginn með endurbótum á þeim kafla sem eftir er og lagningu bundins slitlags. Skaftártunguvegur er tenging við Fjallabaksleiðirnar.
4. Fljótshverfi (201), tengivegur. Samfélags- og ferðamannavegur. Skólaakstursleið og talsverð umferð ferðamanna. Vegurinn er mjór og hættulegur á köflum. Mikilvægt er að byggja veginn upp og leggja á hann bundið slitlag.
5. Hrífunesvegurinn (209), tengivegur frá Laufskálavörðu að Tungufljóti. Samfélags og ferðamannavegur. Vegurinn er í þokkalegu standi en þarfnast lagfæringar áður en lagt er á hann bundið slitlag og brýr tvöfaldaðar.

**Sveitarfélagið Hornarfjörður:**

1. Grynnslin.
2. Fjarskipti við samgöngumannvirki almennt í sveitarfélaginu.
3. Bætt vetrarþjónusta á Þjóðvegi 1.

**Flóahreppur:**

1. Við leggjum áherslu á að Villingaholtsvegur og Gaulverjabæjarvegur njóti aðalbrautarréttar en í dag er Þjóðvegur 1 í gegnum Flóahrepp eini Þjóðvegurinn sem skilgreindur er sem aðalbraut. Slyshætta við fjölfarna vegi líkt og Villingaholtsveg nr. 305 og Gaulverjabæjarveg nr. 33 er mikil þar sem þeir vegir eru ekki skilgreindir aðalbrautir og hægri reglan gildir því um forgang við veginna. Við óttumst að alvarleg slys verði vegna þessa og má sem dæmi nefna að stórir vörubílar sem keyra alla daga í tuga tali Önundarholtsveg, til og frá jarðvegstippi Árborgar í Súluholtsgrýfju, eiga réttinn þegar þeir beygja út á Gaulverjabæjarveg frá Önundarholtsvegi fram yfir vegfarendur sem keyra eftir Gaulverjabæjarvegi í átt að Selfossi. Þessu þarf að breyta sem allra fyrst á báðum umræddum vegum og setja upp viðeigandi biðskyldumerki og stöðvunarskyldu þar sem við á.
2. Við köllum eftir betri þjónustu við heflun á malarvegum í sveitarfélaginu, jafnt tengivegum og héraðsvegum. Í dag fáum við vor- og haustheflun en það hefur sýnt sig að vorheflunin dugir skammt og vegir orðnir slæmir snemma sumars. Við teljum að hefла þurfi fjölförnustu veginna að vori, um mitt sumar og að hausti. Að auki þarf að rykbinda þar sem við á.
3. Vetrarþjónustu þarf að bæta á fjölförnustu tengivegum og koma þarf fleiri vegum inn í vetrarþjónustu Vegagerðarinnar þannig að Vegagerðin sjái um mokstur 2x í viku á fleiri vegum og helmingamokstri sé beitt á móti. Má hér nefna þjónustu á Langholtsvegi, Önundarholtsvegi, Hamarsvegi og Villingaholtsvegi frá Flóaskóla og fram yfir Ferjunes.
4. Merkingar og viðhald þeirra þarf að bæta svo sem þar sem hraðatakmarkanir eru. Nefna má dæmi um að setja upp blikkandi skilti við Flóaskóla og/eða setja skilti með hraðatakmarkunum beggja megin vegarins líkt og Vegagerðin hefur talað um að beri betri árangur. Viðhaldi á gát skjöldum svo sem við ristarlið og brýr/ræsi er ábótavant. Víða vantar þessar merkingar á ristarlið og getur það t.d. valdið tjóni á tækjum við snjómokstur í slæmu skyggni.

**Rangárþing ytra:**

1. Aukið viðhald á heimreiðum innan sveitarfélagsins.
2. Viðhald hinna gríðarlega fjölförnu Fjallabaksleiða syðri og nyrðri.
3. Lögð er áhersla á viðhald og umferðaröryggi á Þjóðvegi 1 s.s. að- og fráreinar (vasar) við fjölfarna tengivegi og hringtorg við Hellu.

**Vestmannaeyjabær:**

1. Gera þarf úttekt á Landeyjahöfn þannig að höfnin geti þjónað hlutverki sínu allan ársins hring. Mikilvægt er að ytri aðstæður við höfnina geri það ekki að verkum að höfnin loki í lengri tíma.
2. Bæta þjónustuhús og aðstöðu fyrir farþega Herjólfss bæði í Vestmannaeyjum og í Landeyjarhöfn.

3. Sinna þarf eðlilegu viðhaldi á Vestmannaeyjaflugvelli sem gegnir mikilvægu hlutverki, ekki síst hvað varðar sjúkraflug frá Vestmannaeyjum.

**Hveragerðisbær:**

1. Breiðamörk, endurgerð götu með öruggum hjóla- og göngustígum samhliða gerð rammaskipulags sem hluti aðalskipulags Hveragerðisbæjar.
2. Gerð öruggra hjólastíga á völdum stöðum innanbæjar.
3. Endurskoðun hraðatakmarkana innanbæjar samhliða gerð samgöngustefnu sem hluta aðalskipulags Hveragerðisbæjar.

**Sveitarfélagið Árborg:**

Horfa til varanlegra öryggislausna yfir þjóðvegi – skilgreinum sem viðhald/viðbætur og setjum því undir þennan lið.

1. Gaulverjabæjarvegur við hesthúshverfi.
2. Þverun við Votmúlaveg/Eyrbakkaveg.
3. Þverun á þjóðvegi við Eyrbakka gegnt hesthúshverfi.

**Sveitarfélagið Ölfus:**

1. Mikilvægt er að tryggja viðhald á hafnarmannvirkjum í gegnum Hafnabótasjóð.
2. Þá eru malbikaðir vegir víða orðnir lúnir, sérstaklega á Þorlákshafnarvegi frá Þrengslum að Hveragerði.
3. Þróun vetrarþjónustu Vegagerðar þarf að fylgja nýjum framkvæmdum og breyttum byggðar- og atvinnuháttum.

**Mýrdalshreppur:**

1. Umbætur á Reynishverfisvegi (215) þar sem fjöldi fólks keyrir til þess að heimsækja Reynisfjöru. Vegurinn þverar bæjarstæði og liggur í hæðóttum hlykkjum. Skoða ætti færslu vegarins til þess að bæta búsetuskilyrði og tryggja betur umferðaröryggi.
2. Breikkun og lagning nýs slitlags á þjóðvegi 1, í áföngum, frá Jökulsá að eystri sveitarfélagamörkum.
3. Lagning bundins slitlags á tengivegi við Pétursey og Kerlingardalsveg.

- 9.3. Ef horft er á Suðurland sem heild, hvaða þrjár samgönguframkvæmdir myndi sveitarstjórn ykkar setja fremst á blað, utan ykkar sveitarfélags?

**Ásahreppur:**

1. Hjólreiðabraut í gegnum Suðurland.
2. Leggja áherslu á 2+2 við nýjan Suðurlandsveg.

**Bláskógabyggð:**

1. Styrkja þarf og laga veginn um Mosfellsheiði,
2. Bæta hringveginn sem liggur um Suðurland.
3. Styrkja og gera Skeiða- og Hrunamannaveg öruggari.

**Rangárþing eystra:**

1. 2+1 frá Selfossi að Vík.
2. Tryggja greiða leið að höfuðborgarsvæðinu.
3. Flugvöll á Suðurland og jarðgöng til Vestmannaeyja.

**Hrunamannahreppur:**

1. Útrýma einbreiðum brúm á öllu svæðinu. Má t.d. nefna, fyrir utan allar einbreiðar brýr á Þjóðvegi 1, brýr yfir Tungufljótið milli Gullfoss og Geysis og milli Flúða og Reykhólts.
2. Breikka veginn með allri suðurströndinni frá Selfossi að Höfn í Hornafirði.
3. Setja fleiri fráreinar og aðreinar á aðalvegi. Bæta við útskotum þar sem hægt er að stöðva og leggja, nauðsynlegt er að bílar með farþega geti stöðvað á öruggum stöðum t.d. við Sandlækjarholt. Nauðsynlegt er að bæta við útsýnisplönnum sem víðast, með upplýsingaskiltum. Þannig fækkum við ökutækjum ferðamanna úr vegköntum og þar með aukum við umferðaröryggi allra.
4. Bæta þarf vetrarþjónustu á öllu Suðurlandi.
5. Hefla þarf malarvegi á svæðinu oft og ekki má gleyma hálendisvegum eins og Kjalvegi og veginum inn í Landmannalaugar þar sem margir ferðamenn fara um.

**Skaftárhreppur:**

1. Láglandisvegur um Mýrdal.
2. Stytting hringvegar í Örfæfasveit Skeiðará - Svínafell.
3. Uppbygging (hækkun) Þjóðvegur 1 á Mýrdalssandi.

**Sveitarfélagið Hornafjörður:**

1. Ölfusárbrú.
2. Göng undir Reynisfjall.
3. Lokið verði við fyrirhugaðar samgöngubætur á Hellisheiði.

**Flóahreppur:**

1. Öruggeri samgöngur á milli lands og eyja.
2. Fækkun einbreiðra brúa
3. Aukið umferðaröryggi í uppsveitum Árnassýslu með styrkingu vegakerfisins.
4. Bætt vetrarþjónusta á svæðinu.

**Rangárþing ytra:**

1. Framkvæmdum við nýja brú yfir Ölfusá seinki ekki.
2. Að 2 plús 1 vegur úr Reykjavík og austur fyrir Hvolsvöll komist sem fyrst í gagnið.
3. Styrkja hjóla- og göngustígagerð með þjóðvegum landsins og eftir atvikum leysa vanda hjólafólks með breikkun vegaxla þjóðvegur 1.

**Vestmannaeyjabær:**

1. Áframhaldandi vinna við tvöföldun Suðurlandsvegar frá Selfossi til Víkur í Mýrdal.
2. Endurbætur og breikkun Þrengslavegar.
3. Flýta eins og kostur er fækkun einbreiðra brúa á Suðurlandi austan Kirkjubæjarklausturs.

**Hveragerðisbær:**

1. Tilfærsla Hringvegur 1, Suðurlandsvegur á milli Kamba og Varmár, með undirgöngum og nýju hringtorgi.
2. Áhersla á öryggi á Hringvegi, útrýma einbreiðum brúm.
3. Áhersla á örugga hjólastíga á milli nærsveitarfélaganna Hveragerðis, Ölfuss og Árborgar.

**Sveitarfélagið Árborg:**

1. Suðurlandsvegur um Hellisheiði og Þrengsli milli Reykjavíkur og áfram austur. Horfa til tvöföldunar strax en ekki 1+2, alla vega til Víkur í Mýrdal.
2. Uppbygging hafnarinnar í Þorlákshöfn.
3. Uppbygging vega í uppsveitum Árnassýslu við stærstu og fjölförnustu ferðamannastaðina.

**Sveitarfélagið Ölfus:**

1. Uppbygging Þorlákshafnar - gagnast atvinnulífinu um allt Suðurland.
2. Tvöföldun Þrengslavegar - stækkun hafnarinnar og auknir flutningar kalla á slíkt auk þess sem íbúar alls Árborgarsvæðisins nýta leiðina í stórauknum mæli á leið sinni til og frá vinnu á höfuðborgarsvæðinu.
3. Uppbygging nýrrar Ölfusárbrúar.

**Mýrdalshreppur:**

1. Ný Ölfusárbrú.
2. Markviss breikkun og viðhald Þjóðvegur 1 austan Markarfljóts.
3. Tvöföldun Þjóðvegur 1 austan Selfoss að Vík.

#### 9.4. Hvaða sýn hefur sveitarstjórn á fyrirkomulagi almenningsamgangna á Suðurlandi (landsbyggðar-strætó, ferja og flug)?

**Ásahreppur:**

Það þarf að huga vel að þörfum skólafólks, en hugsa verður vel um tímatöflu ferða þannig að þessi þjónusta nýtist sem best. Bæta mætti skipulag og rekstrargrundvöll þessarar þjónustu með tilliti til tímatöflu, fjölda ferða og stærðar á faratækjum.

**Bláskógabyggð:**

Mikilvægt er að þessir valkostir í almenningsamgöngum séu til staðar og séu raunhæfir valkostir fyrir almenning.

**Grímsnes- og Grafningshreppur:**

Sveitarstjórn sér fyrir sér að almenningsamgöngur landshlutans verði eflaðar enn frekar og rekstrarumhverfi þeirra sé tryggt. Auka almenningsamgöngur í Árnassýslu, tengja þéttbýliskjarna saman t.d. vegna íþróttæfinga barna.

**Rangárþing eystra:**

Núverandi fyrirkomulag er ekki að borga sig, hækkun á strætófargjaldi, fáar ferðir og það er ódýrara að fara með einkabíl. Strætókerfið hentar illa fyrir skólafólk og ekki sniðið að þörfum þeirra. Deiliahagkerfi (t.d. Uber) myndi þjónusta landbyggðinni, hægt er að nýta ferðir og umhverfisvænni kostur.

**Hrunamannahreppur:**

Hvetur rekstraaðila almenningssamgangna að skipuleggja ferðir þannig að kerfið vinni saman. Raunhæfur kostur væri að uppsveitarvagninn fari ekki frá Selfossi fyrr en vagn úr Reykjavík sé kominn. Þannig að tengingar innan þjónustunnar verði betri.

**Skaftárhreppur:**

Þróun leiða sem nýtast íbúum Suðurlands til ferða innan og á milli vinnusóknarsvæða í samræmi við áherslur sem settar eru fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur. Uppbygging aðstöðu fyrir vagna á biðstöðvum á Suðurlandi.

**Sveitarfélagið Hornafjörður:**

Öruggar flugsamgöngur og ekki verði dregið úr sætaframboði í flugi og tryggt sé að strætó gangi þá daga sem að ekki er flug.

**Flóahreppur:**

Skoða mætti hvort landsbyggðarstrætó gæti nýst hjá íbúum Flóahrepps t.d. með stoppi við Þingborg.

**Rangárþing ytra:**

Mikilvægt er að boðið sé upp á tryggar og öruggar almenningssamgöngur á hóflegu verði um Suðurland.

**Vestmannaeyjabær:**

Öflugt innanlandsflug er ein forsenda bættra lífsskilyrða íbúa á landsbyggðinni. Tryggja þarf lágmarks flugþjónustu til Vestmannaeyja og Hornafjarðar, einkum og sér í lagi yfir vetrartímann þegar aðrar samgönguleiðir eru ill færar og frátafir eru á siglingum til Landeyjahafnar. Mikilvægt er að til staðar séu öruggar og tíðar almenningssamgöngur á Suðurlandi með sanngjarnri og raunhæfri verðlagningu. Bættar almenningssamgöngur draga úr álagi á vegum, eru vistvænar og auka lífsgæði íbúa.

**Hveragerðisbær:**

Vegna viðvarandi mikillar fólksfjölgunar í nærsveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins á Suðurlandi; Hveragerði, Ölfusi og Árborg, er stórefling almenningssamgangna í formi landsbyggðarstrætó nauðsynleg til þess að sporna við neikvæðum loftslagsáhrifum samhliða fjölguninni. Hveragerði er í um 30 mín. akstursfjarlægð frá Reykjavík og öll þrjú sveitarfélögin eru innan atvinnusóknarsvæðis höfuðborgarinnar. Mikilvægt er því að efla almenningssamgöngur á milli höfuðborgarinnar og nærsveitarfélaganna á Suðurlandi til þess að gera strætó að öflugum valkosti fyrir daglegar ferðir í vinnu og skóla. Tengja þarf kerfi landsbyggðastrætó við kerfi Borgarlínu þar sem það er ákjósanlegast fyrir farþega til að halda áfram ferð sinni innan höfuðborgarsvæðisins fyrri betri nýtingu beggja kerfa. Mikilvægt er einnig að efla almenningssamgöngur á milli nærsveitarfélaganna á Suðurlandi til þess að efla verslun og atvinnu á svæðinu og nýta betur þá þjónustu og innviði sem bæjarfélögin búa yfir eins og íþróttamannvirki og menningarstofnanir.

**Sveitarfélagið Árborg:**

- a. Strætóferðir þurfa að vera tíðari um Suðurland til að þær virki og kostnaður notandans sé minni en að nota eigin bíl.
- b. Mikilvægt að samgöngur um Landeyjahöfn séu tryggðar allt árið.
- c. Skoða þarf flugsamgöngur t.d. milli Hafnar og Reykjavíkur.

**Sveitarfélagið Ölfus:**

Sveitarstjórn Ölfuss beinir því til hlutaðeigandi að tekinn verði upp beinn akstur á milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar og tryggt að ferðafjöldi og tímasetningar séu raunhæfur valkostur fyrir notendur þjónustunnar.

Þá telur sveitarstjórn Ölfuss það afar mikilvægt að beinar samgöngur séu einnig á milli Þorlákshafnar og Selfoss þannig að farþegar á þeirri leið þurfi ekki viðkomu í Hveragerði alla daga. Það er algjörlega óásættanlegt að íbúar Ölfuss, þar með taldir nemendur við Fjölbrautaskóla Suðurlands, búi við lakari þjónustu nú en áður en greiði sama gjald og aðrir notendur þjónustunnar sem hafa margir hverjir úr fleiri áætlunarferðum að velja til og frá vinnu/skóla.

**9.5. Annað sem sveitarstjórn vill koma á framfæri við samgöngunefnd SASS?****Ásahreppur:**

Uppbygging innviða fyrir rafvæddar samgöngur með fjölgun og meiri dreifingu á hraðhleðslustöðvum.

**Bláskógabyggð:**

Mikilvægt að samgöngur á Suðurlandi séu góðar, traustar og öruggar. Til að svo sé þarf alvöru fjármagn í samgöngur á Suðurlandi.

**Grímsnes- og Grafningshreppur:**

Bæta þarf vetrarþjónustu á Suðurlandi, auka snjómokstur. Vegagerðin auki fjármagn í göngu- og hjóltreidastíga.

**Rangárþing eystra:**

Óskað er eftir að heildrein og raunhæf áætlun verði gerð í samræmi við sveitarfélagið varðandi slitlag á héraðs- og tengivegum. Rangárþing eystra bendir á að áhugi er á að vera tilraunasveitarfélag til þess að sveitarfélögin sjái um uppbyggingu héraðs- og tengivega. Áhersla á að reidstígar verði fjarlægðir frá þjóðvegnum og verði hugsaðir í heild sinni. Aukin áhersla á lagningu hjólastíga við stofnvegi.

**Skaftárhreppur:**

Tryggt verði að flugvöllurinn á Kirkjubæjarklaustri geti þjónað sjúkraflugi og sem öryggisflugvöllur, með viðunandi hætti, m.a. með lagningu slitlags á flugbraut og uppsetningu landingaljósa og búnaðar. Skilgreindir verði þyrlulendingarstaðir í Skaftárhreppi til að auðvelda aðgengi þyrta þegar til slysa og bráðatílfella kemur og jafnframt í náttúruvá. Tryggt verði að almennar endurbætur á þjóðvegi 1 eigi sér stað innan sveitarfélagsins. Má þar nefna breikkun vegaxla, lagfæring á kanthalla, lagfæring á slitskemmdum og ójöfnu malbiki. Jafnframt má benda á að lagfæra þarf merkingar og eyða hættulegum og óþörfum útskotum/afleggjurum sem myndast hafa. Tryggt verði að Vegagerðin standi við þau verkefni sem nú eru á áætlun hennar, vegna viðhalds og nýframkvæmda. Jafnframt verði tryggt að vetrarþjónusta verði með þeim

hætti að hún nýtist íbúum og atvinnulífínu sem best hverju sinni, rétt er að taka fram að um 2 milljónir ferðamanna ferðast um Suðurland ár hvert.

**Sveitarfélagið Hornafjörður:**

Bættir ferðamannavegir, innsiglingin um Hornarfjarðarós sé trygg og breikkun þjóðvegur 1.

**Flóahreppur:**

Sveitarstjórn lýsir áhyggjum vegna lagningu nýrra héraðsvega hvað varðar kostnaðarþáttöku vegna þeirra. Í dag greiðir Vegagerðin helming á móti umsækjendum og getur þetta reynst þungt í dreifbýlinu þar sem afleggjarar geta verið langir. Við teljum þetta vera hamlandi þátt í byggðapróun og uppbyggingu á svæðinu. Fjármagn í viðhald og uppbyggingu héraðsvega þarf að auka í dreifbýli almennt.

Þungt hefur reynst fyrir íbúa að fá héraðsvegi sem hafa verið felldir út af vegaskrá aftur inn á vegaskrá. Á þetta við þegar enginn er skráður með lögheimili og fasta búsetu tímabundið.

Vegagerðin þarf að framfylgja samkomulagi sínu frá því í mars 2022 varðandi reidstíga eða reiðfærar leiðir samhliða framkvæmdum um bundið slitlag á stofn-, tengi- og landsvegum. Í Flóahreppi vantar víða upp á þetta.

Kantsláttur og undirbúningur fyrir veturinn þarf að vera markviss til að draga úr snjómokstri.

**Rangárþing ytra:**

Að stofnvegakerfið verði tekið til endurskoðunar og að Landvegur og Þykkvabæjarvegur verði gerðir að stofnvegum.

**Vestmannaeyjabær:**

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur ítrekað ályktað um mikilvægi þess að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni. Flugvöllurinn þjónar mikilvægu hlutverki, m.a. öryggishlutverki í tengslum við sjúkraflug. Því ber að tryggja að flugvöllinum verði ekki ógnað t.d. vegna húsnæðisuppbyggingar í Reykjavík.

**Hveragerðisbær:**

Gerð svæðisskipulags fyrir nærsveitarfélög höfuðborgarsvæðisins á Suðurlandi þar sem m.a. er komið inn á samgöngur á milli sveitarfélaganna og til höfuðborgarsvæðisins er orðið aðkallandi.

**Sveitarfélagið Árborg:**

Öll uppbygging í samgöngum og framkvæmdum á vegum hins opinbera á Suðurlandi er sameiginlegt hagsmunamál allra sveitarfélaga og íbúa á svæðinu. Flestar framkvæmdir við samgöngumannvirki á okkar svæði nýtast öllum íbúum á einhvern hátt.

**Sveitarfélagið Ölfus:**

Sveitarstjórn Ölfuss beinir því til hlutaðeigandi að tekinn verði upp beinn akstur milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar og tryggt að ferðafjöldi og tímasetningar séu raunhæfur valkostur fyrir notendur þjónustunnar.

Þá telur Sveitarstjórn Ölfuss það afar mikilvægt að beinar samgöngur séu einnig milli Þorlákshafnar og Selfoss þannig að farþegar á þeirri leið þurfi ekki viðkomu í Hveragerði alla daga. Það er algjörlega óásættanlegt að íbúar Ölfuss, þar með taldir nemendur við Fjölbautaskóla Suðurlands, búi við lakari þjónustu nú en áður en greiði sama gjald og aðrir




notendur þjónustunnar sem hafa margir hverjir úr fleiri áætlunarferðum að velja á leið sinni til og frá vinnu/skóla.

**Mýrdalshreppur:**

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps telur mikilvægt að Vegagerðin ráðist í nauðsynlegar aðgerðir við Múlakvísl til að koma í veg fyrir frekara rof við Höfðabrekkujökul.

Sveitarstjórn vill enn fremur koma því á framfæri að mikilvægt er að viðbragð í vetrarþjónustu sé í eðlilegu samhengi við umferðarpunga á svæðinu. Svo hefur ekki verið á síðustu árum og sveitarstjórn skorar á Vegagerðina að efla þjónustuna svo um munar.



## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Halldóra Viðarsdóttir <halldora.vidarsdottir@althingi.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 10. október 2023 15:57  
**Subject:** Til umsagnar 238. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

10. október 2023  
Frá nefnda- og greiningarsvið Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 24. október nk.** á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/154/s/0241.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni  
<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Halldóra Viðarsdóttir**  
Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið

☎ 563 0500



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
Fyrirvari/Disclaimer

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
Fyrirvari/Disclaimer

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 12. október 2023 14:20  
**Subject:** Til umsagnar 315. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

12. október 2023  
Frá nefnda- og greiningarsvið Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 – 2028, 315. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 26. október nk.** á netfangið [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0319.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni  
<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
Fyrirvari/Disclaimer

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 18. október 2023 11:03  
**Subject:** Til umsagnar 314. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

18. október 2023  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 1. nóvember nk.** á netfangið [nefundasvid@althingi.is](mailto:nefundasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.  
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0318.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni  
<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.  
[Fyrirvari/Disclaimer](#)*

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 26. október 2023 12:16  
**Subject:** Réttur hlekkur í 47. máli frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

Komið sæl, vegna mistaka var notaður rangur hlekkur við gerð umsagnarbeiðninar.

Hér er réttur hlekkur kominn.

Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Kv. Sigrún Helga

26. október 2023

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar um grunnskóla (kristinfræðikennsla), 47. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 9. nóvember nk.** á netfangið [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0047.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur

Stoðteymi

Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



**GRÆN SKREF**

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 18. október 2023 11:34  
**Subject:** Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga og leiðbeiningar um framkvæmd

Tilvísun í mál: IRN23080099

Góðan dag

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að ný reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindum, sjá [hér](#).

Reglugerðin fjallar um íbúakosningar á grundvelli 133. gr. sveitarstjórnarlaga sem ekki fara fram með rafrænum hætti. Reglugerðin hefur það markmið að einfalda og minnka umfang íbúakosninga sveitarfélaga og auka vald sveitarfélaga hvað kosningarétt varðar í ráðgefandi íbúakosningum. Reglugerðinni er jafnframt ætlað að auka lýðræðisþátttöku og sjálfbærni sveitarfélaga og þannig efla sveitarstjórnarstigið í heild.

Íbúakosningar sveitarfélaga eru af þrennum toga sem falla allar undir gildissvið reglugerðarinnar. Um er að ræða:

- Kosningar í nefnd sem fer með málefni fyrir hluta sveitarfélags, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga
- Sameiningakosningar sveitarfélaga, sbr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga
- Íbúakosningar um einstök málefni, sbr. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga

Ráðuneytið hefur jafnframt birt leiðbeiningar um framkvæmd íbúakosninga á vef sínum, [sjá hér](#).

Sérstök athygli er vakin á þeim breytingum sem hafa verið gerðar á framkvæmd íbúakosninga sem fram fara að frumkvæði sveitarstjórnar og ekki eru bindandi.

Sveitarstjórn getur nú ákveðið að halda íbúakosningu fyrir tiltekinn aldur íbúa, t.d. 16-20 ára eða 60 ára og eldri, fyrir erlenda ríkisborgara sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða fyrir íbúa sem hafa lögheimili í tilteknum hluta sveitarfélagsins. Auk þess er gert ráð fyrir að framkvæmd og fyrirkomulag slíkra kosninga sé mun umfangsminna en um aðrar bindandi íbúakosningar sveitarfélaga. Með þessu er sveitarfélögum gefið tækifæri til að efla lýðræðivitund og þekkingu ungs fólks og auka lýðræðisþátttöku erlendra ríkisborgara. Eru sveitarfélög sérstaklega hvött til að kynna sér nýtt fyrirkomulag slíkra kosninga.

Bestu kveðjur,  
Jóhanna Sigurjónsdóttir



**Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Region  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure  
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



**GRÆN SKREF**

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

## REGLUGERÐ um íbúakosningar sveitarfélaga.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Markmið, gildissvið o.fl.*

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að öruggri framkvæmd íbúakosninga á vegum sveitarfélaga.

Reglugerð þessi mælir fyrir um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til framkvæmdar eftirfarandi íbúakosninga sem fram fara á vegum sveitarfélaga á grundvelli sveitarstjórnarlaga:

1. Kosning í nefnd fyrir hluta sveitarfélags, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Atkvæðagreiðsla um einstök málefni sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Atkvæðagreiðsla um sameiningar sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Íbúakosning sem fram fer á vegum sveitarfélags skal fara fram á grundvelli sveitarstjórnarlaga og reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi gildir ekki um atkvæðagreiðslu sem fram fer með rafrænum hætti, sbr. 134. gr. sveitarstjórnarlaga.

Landskjörstjórn lætur sveitarfélögum í té atkvæðakassa og innsigli, skv. þeirra beiðni, en kemur að öðru leyti ekki að íbúakosningum sveitarfélaga.

Þjóðskrá Íslands ber kostnað við kjörskrágerð en að öðru leyti skulu sveitarfélög standa straum af kostnaði við íbúakosningar sem fram fara á vegum þeirra. Kostnaði vegna sameiningarkosningar skal deila niður á viðkomandi sveitarfélög í samræmi við íbúafjölda þeirra.

##### 2. gr.

##### *Kosningarréttur.*

Rétt til þátttöku í íbúakosningu á:

- a. hver íslenskur, danskur, finnskur, sænskur eða norskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning hefst og á skráð lögheimili í því sveitarfélagi sem íbúakosning fer fram,
- b. erlendur ríkisborgari, annar en greinir í a-lið, ef hann hefur átt skráð lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir lokadag atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum a-liðar.

Sveitarstjórn er heimilt að miða kosningaaldur í íbúakosningu við 16 ár, sbr. 3. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga.

Miða skal við að kjósandi hafi náð þeim aldri sem kosningarréttur miðar við á lokadegi atkvæðagreiðslu, standi atkvæðagreiðslan yfir tiltekið tímabil.

##### 3. gr.

##### *Kjörskrá.*

Eftirfarandi atriði skulu eiga við um kjörskrá fyrir íbúakosningu sveitarfélags:

- a. Sveitarfélag skal tilkynna Þjóðskrá Íslands um boðaða atkvæðagreiðslu og á hvaða tímabili hún fer fram eigi síðar en 30 dögum áður en atkvæðagreiðsla hefst.
- b. Þjóðskrá Íslands skal gera kjörskrá fyrir íbúakosningu sveitarfélaga. Notast skal við prentaða kjörskrá sem Þjóðskrá Íslands er heimilt að afhenda með rafrænum hætti. Í kjörskrá skal skrá nafn kjósenda, kennitölu, lögheimili, kyn og ríkisfang. Þjóðskrá er heimil vinnsla persónuupplýsinga við gerð kjörskrár og skal hún vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- c. Enginn getur neytt kosningarréttar nema nafn hans sé á kjörskrá þegar kosning fer fram.
- d. Á kjörskrá hvers sveitarfélags við íbúakosningar eru þau sem hafa kosningarrétt, sbr. 2. gr., og skráð voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár klukkan 12 að hádegi, 22 dögum áður en atkvæðagreiðsla hefst.
- e. Þjóðskrá Íslands tilkynnir sveitarfélagi að gerð hafi verið kjörskrá jafnskjótt og gerð hennar er lokið og eigi síðar en 20 dögum áður en atkvæðagreiðsla hefst. Kjörskrá skal vera aðgengileg almenningi til skoðunar á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður, eigi síðar en 14



- dögum áður en atkvæðagreiðsla hefst. Sveitarfélag skal kynna íbúum að gerð hafi verið kjörskrá og hvar hún er aðgengileg á þann hátt á hverjum stað þar sem venja er að birta opinberar auglýsingar.
- f. Þegar Þjóðskrá Íslands hefur tilkynnt sveitarfélagi að gerð hafi verið kjörskrá er sveitarstjórn heimilt að óska eftir því að opnað verði fyrir uppflettingu í henni á vef Þjóðskrár Íslands og annast sveitarstjórn þá kostnað af því. Með innslætti kennitölu kjósenda í kjörskrá skulu birtast upplýsingar um nafn, lögheimili, sveitarfélag og kjörstað kjósenda. Að loknum kjördegi skal loka fyrir uppflettingu í kjörskrá.
- g. Óheimilt er að birta kjörskrána opinberlega, í heild eða að hluta, og að miðla henni.

## 4. gr.

*Leiðréttingar á kjörskrá og kærur.*

Athugasemdum við kjörskrá skal beint til Þjóðskrár Íslands sem tekur þær þegar til meðferðar og gerir viðeigandi leiðréttingar ef við á. Slíkar leiðréttingar má gera þar til að atkvæðagreiðslu er lokið.

Heimilt er að leiðrétta kjörskrá ef:

- Þjóðskrá Íslands hefur láðst að skrá lögheimili kjósenda til samræmis við tilkynningu hans um flutning,
- Þjóðskrá Íslands berst vitneskja um andlát kjósenda,
- Þjóðskrá Íslands berst vitneskja um að erlendur ríkisborgari hafi öðlast íslenskt ríkisfang eða að kjósendi hafi misst íslenskt ríkisfang,
- íslenskur ríkisborgari, sem aldrei hefur átt lögheimili hér á landi, flyst til landsins og skráir lögheimili sitt hér á landi eftir viðmiðunardag kjörskrár,
- Þjóðskrá Íslands verður þess að öðru leyti áskynja að villa hafi verið gerð við skráningu kjósenda við kjörskrárgerðina.

Þjóðskrá Íslands sendir hlutaðeigandi kjörstjórn, og viðkomandi kjósenda, ef við á, tilkynningu um leiðréttingar sem hún gerir á kjörskrá, svo að þær megi færa á prentuð kjörskráreintök.

Óheimilt er að færa á prentuð kjörskráreintök aðrar leiðréttingar en þær sem Þjóðskrá Íslands heimilar. Leiðréttingar á prentuð kjörskráreintök skulu gerðar í samræmi við leiðbeiningar Þjóðskrár Íslands.

Heimilt er að skjóta ákvörðun Þjóðskrár Íslands um leiðréttingar á kjörskrá til ráðuneytis sveitarstjórnarmála innan sólarhrings frá dagsetningu hennar. Ráðuneytið veitir kæranda hæfilegan frest til að koma að frekari gögnum áður en það fellir úrskurð í málinu.

## 5. gr.

*Stjórnsýsla íbúakosninga.*

Sveitarstjórn skal kjósa kjörstjórn sem ber ábyrgð á stjórnsýslu og framkvæmd íbúakosninga. Fjöldi fulltrúa skal vera oddatala en að öðru leyti ákveður sveitarstjórn fjölda þeirra. Sveitarstjórn er heimilt að taka ákvörðun um að fela yfirkjörstjórn sveitarfélagsins, sem kosin er á grundvelli kosningalaga, hlutverk kjörstjórnar vegna íbúakosninga og skal yfirkjörstjórn tilkynnt það sérstaklega. Kjörstjórn getur falið starfsfólki sveitarfélaga störf í tengslum við framkvæmd kosninga.

Vegna sameiningar sveitarfélaga skulu viðkomandi sveitarstjórnir kjósa fulltrúa í sameiginlega kjörstjórn, eftir nánara samkomulagi þeirra. Miða skal við að hvert sveitarfélag hafi a.m.k. einn fulltrúa í kjörstjórn og að fjöldi nefndarmanna sé oddatala. Viðkomandi sveitarstjórnnum er heimilt að skipa undirkjörstjórn í hverju sveitarfélagi fyrir sig með þremur til fimm fulltrúum og fela henni þau verkefni sem mælt er fyrir um í a-, c- og d-lið 3. mgr.

Hlutverk kjörstjórnar er m.a. að:

- Halda kosningu og annast undirbúning og framkvæmd hennar, þ.m.t. sjá um talningu og lýsa úrslitum kosningar.
- Útbúa kjörgögn, þ.m.t. eyðublöð vegna aðstoðarmanns kjósenda sbr. 11 gr. og kjörgögn vegna póstkosningar, sbr. 10. gr.
- Veita almenningi, frambjóðendum, fjölmiðlum og öðrum sem annast framkvæmd kosninga upplýsingar, fræðslu og leiðbeiningar.
- Hafa samvinnu og samráð við viðeigandi aðila, félagasamtök og stofnanir við undirbúning og framkvæmd kosninga og birta niðurstöður kosninga opinberlega.

Að loknum kosningum skal kjörstjórn skila skýrslu til sveitarstjórnar um framkvæmd kosninga þar sem m.a. er fjallað um fjölda kjörstaða og opnunartíma þeirra, fjölda ónotaðra kjörseðla í vörslu kjörstjórnar og tilhögun vörslu, fjölda ágreiningsatkvæða, atkvæði sem hafa borist með pósti, sbr. 10. gr., atkvæði sem ónýttast, atkvæði sem berast eftir að kosningu er lokið, kjörsókn í sveitarfélagi, aðstoðarmenn kjósenda og ákvarðanir tengdar þeim, lok atkvæðagreiðslu og upphaf talningar, móttöku atkvæðakassa frá kjörstöðum, ákvarðanir um gildi atkvæða, niðurstöðu talningar, lok talningar og frágang og vörslu kjörgagna, eyðingu kjörgagna og aðrar ákvarðanir, afgreiðslur eða upplýsingar sem varða undirbúning og framkvæmd kosninga sem kjörstjórn telur rétt að upplýsa sveitarstjórn um.

Kjörstjórnarmaður skal víkja sæti ef til úrskurðar er:

- a. mál er varðar maka hans eða sambúðarmaka, enda sé sambúðin skráð í þjóðskrá, eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti við ættleiðingu,
- b. að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutrægni hans í efa með réttu.

Ágreiningi um hæfi kjörstjórnarmanns má skjóta til ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 19. gr.

## II. KAFLI

### Framkvæmd íbúakosninga.

#### 6. gr.

##### *Kjörgögn.*

Eftirfarandi atriði skulu eiga við um kjörgögn í íbúakosningum sveitarfélaga:

- a. Kjörseðlar við íbúakosningar skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Þegar notast er við atkvæðaseðil sem er sóttur rafrænt er ekki þörf á að gera sérstakar kröfur um tegund pappírs. Kjörseðlar mega ekki vera auðkenndir með þeim hætti að þeir séu rekjanlegir til kjósenda.
- b. Við íbúakosningar um einstök málefni sem fara fram að frumkvæði íbúa og/eða eru bindandi, sbr. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga og við sameiningarkosningar, sbr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, skal kjörseðill við atkvæðagreiðslu vera a.m.k. 160 g/m<sup>2</sup> að þyngd, og þá skal brjóta saman í prentsmiðju með þeim hætti að óprentaða hliðin snúi út. Við slíkar kosningar skal jafnframt miða fjölda prentaðra kjörseðla að lágmarki við áætlaðan fjölda kjósenda á kjörskrá að viðbættu 1%.
- c. Vegna atkvæðagreiðslu með pósti eru kjörgögn atkvæðaseðill, umslag fyrir atkvæðaseðil, fylgibréf og sendiumslag. Þegar atkvæðaseðill er sendur kjósenda skal nota sama atkvæðaseðil og notaður er við kosninguna. Ef kjörgögn eru sótt rafrænt, þarf kjósandi að leggja til tvö umslög, annað fyrir atkvæðaseðil og hitt fyrir sendiumslag.
- d. Notast skal við atkvæðakassa sem landskjörstjórn leggur til.
- e. Við íbúakosningar um einstök málefni sem fara fram að frumkvæði íbúa og/eða eru bindandi, sbr. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga og við sameiningarkosningar, sbr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga sem eru bindandi, skulu kjörstjórn og fulltrúar hennar varðveita ónotaða kjörseðla í innsigliðu íláti eða fyrir luktum dyrum sem jafnframt skulu innsiglaðar. Við aðrar íbúakosningar sveitarfélaga skulu ónotaðir kjörseðlar varðveittir með tryggum hætti.
- f. Eftir talningu atkvæða skulu kjörseðlar varðveittir með tryggum hætti þangað til kærufrestur er liðinn. Eigi síðar en ári eftir að atkvæðagreiðslu er lokið skal kjörstjórn eyða notuðum og ónotuðum atkvæðaseðlum enda sé þá ágreiningsmálum um gildi og framkvæmd kosninga lokið.

#### 7. gr.

##### *Tímabil atkvæðagreiðslu.*

Sveitarstjórn ákveður, eða felur byggðarráði eða kjörstjórn að ákveða, á hvaða tímabili íbúakosningar um einstök málefni sveitarfélagsins sem fram fara að frumkvæði íbúa sveitarfélagsins og/eða er bindandi, sbr. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga og sameiningarkosningar, sbr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, fara fram. Tímabilið skal minnst vara í tvær vikur og að hámarki fjórar vikur.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða, eða fela byggðarráði eða kjörstjórn að ákveða, að íbúakosningar sem fram fara að frumkvæði sveitarstjórnar og ekki eru bindandi og kosningar í nefnd sem fer með málefni fyrir hluta sveitarfélags, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga, fari fram á styttra tímabili, en skal atkvæðagreiðsla þó að lágmarki

Heimilt er að hefja atkvæðagreiðslu í fyrsta lagi 20 dögum eftir að til hennar er boðað. Atkvæðagreiðsla telst hafin þegar opnað er fyrir atkvæðagreiðslu á kjörstað.

## 8. gr.

*Kjörstaðir:*

Eftirfarandi atriði skulu eiga við um kjörstaði í íbúakosningum sveitarfélaga:

- a. Sveitarstjórn ákveður staðsetningu og fjölda kjörstaða, skiptingu í kjördeildir og opnunartíma kjörstaða eða felur byggðarráði eða kjörstjórn að taka slíkar ákvarðanir. Reglulegur opnunartími skal vera a.m.k. á einum kjörstað innan sveitarfélagsins á því tímabili sem atkvæðagreiðsla á sér stað á virkum dögum, t.d. á opnunartíma skrifstofu sveitarfélagsins. Heimilt er að ákveða að kjörstaður sé hreyfanlegur. Leitast skal við að fjöldi kjörstaða og opnunartími þeirra sé í samræmi við fjölda íbúa og vegalengdir innan sveitarfélagsins og að kjörstaður sem er með reglulegan opnunartíma hafi gott aðgengi m.t.t. hjólastóla og annarra hjálpartækja.
- b. Hvert sveitarfélag er ein kjördeild, sbr. þó f-lið. Sveitarstjórn getur þó ákveðið, eða falið byggðarráði eða kjörstjórn að ákveða, að í sveitarfélaginu verði fleiri en ein kjördeild. Ef sveitarfélagi er skipt upp í kjördeildir er kjósanda einungis heimilt að greiða atkvæði í sinni kjördeild. Á sama kjörstað mega vera fleiri en ein kjördeild og kjördeildir skal að jafnaði tölusetja til aðgreiningar.
- c. Heimilt er að flytja kjördeild frá einum kjörstað til annars í ákveðinn tíma, en óheimilt er að hafa sömu kjördeild opna á tveimur stöðum samtímis.
- d. Í auglýsingu um íbúakosningar skal koma fram á hvaða tíma atkvæðagreiðsla fer fram, fjöldi kjörstaða og fjöldi kjördeilda eftir atvikum, og aðrar nauðsynlegar leiðbeiningar varðandi atkvæðagreiðsluna.
- e. Þau sem sinna atkvæðagreiðslunni skulu gæta þess að ekki fari fram kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd íbúakosninga á og við kjörstað. Á hverjum kjörstað skal vera aðstaða þar sem hægt er að greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósandi greiðir atkvæði.
- f. Leitast skal við að atkvæðagreiðsla fari einnig fram innan sveitarfélags þar sem kjósendur eiga erfitt um vik að mæta á kjörstað, svo sem þar sem kjósendur eru með lögheimili á heilbrigðisstofnunum og stofnunum fyrir fatlað fólk. Heimilt er að ákveða sérstaka kjördeild fyrir staði þar sem kjósendur eiga erfitt um vik að mæta á kjörstaði. Atkvæðagreiðsla fyrir viðkomandi kjördeild skal einnig fara fram á þeim kjörstað sem er með reglulegan opnunartíma, nema á því tímabili sem atkvæðagreiðsla fer fram á viðkomandi stofnun.

## 9. gr.

*Framkvæmd atkvæðagreiðslu.*

Eftirfarandi atriði skulu eiga við um framkvæmd atkvæðagreiðslu í íbúakosningum sveitarfélaga:

- a. Kjósandi skal gera grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa persónuskilríkjum með nafni, kennitölu og mynd eða á annan fullnægjandi hátt að mati þeirra sem sinna atkvæðagreiðslunni.
- b. Merkja skal við nafn kjósanda í kjörskrá áður en hann neytir kosningarréttar síns. Eigi kjósandi rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni skal fulltrúi kjörstjórnar afhenda kjósanda kjörseðil. Þegar kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum fer hann með hann þar sem hægt er að greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósandi greiðir atkvæði.
- c. Kjósandi markar með skriffæri eða stimpli sem kjörstjórn leggur til X í fering framan við þann svarkost á kjörseðlinum sem hann greiðir atkvæði sitt, brýtur atkvæðið saman og leggur atkvæðið í kjörkassa í viðurvist þeirra sem sinna atkvæðagreiðslunni.
- d. Láti kjósandi sjá hvað er á seðli hans eða ef hann hefur gert mistök við merkingu hans er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Á kjósandi þá rétt á að fá nýjan kjörseðil og skal hann þá afhenda þeim sem sinna atkvæðagreiðslunni hinn fyrri seðil.
- e. Framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. f-lið 8. gr. fer þannig fram að kjörstjórn auglýsir atkvæðagreiðslu með a.m.k. 5 daga fyrirvara á vefsíðu sveitarfélagsins og á viðkomandi stofnunum. Hlutaðeigandi stofnun skal láta í té hentuga aðstöðu, svo og eftir atvikum aðstoðarfólk, þannig að atkvæðagreiðsla geti gengið sem greiðast fyrir sig og með fyrirskipuðum hætti. Kjósanda ber að koma á fund fulltrúa kjörstjórnar þar sem atkvæðagreiðslan fer fram og fer kosning fram með sama hætti og mælt er fyrir um í a-d-lið.

Atkvæðagreiðsla má aðeins fara fram á sjúkrastofu eða í herbergjum heimilismanna dvalarheimila og fatlaðs fólks eða vistmanna, ef verulegir annmarkar eru á að flytja kjósanda á fund fulltrúa kjörstjórnar.

- f. Auglýsa skal hvar og hvenær atkvæðagreiðsla með hreyfanlegum kjörstað, sbr. a-lið 8. gr., fer fram með fimm daga fyrirvara. Heimilt er að hafa hreyfanlegan kjörstað í sveitarfélagi sem ekki heldur íbúakosningu, með samþykki viðkomandi sveitarfélags.

#### 10. gr.

##### *Atkvæði greitt með pósti.*

Í íbúakosningu um einstök málefni sveitarfélags sem fram fer að frumkvæði íbúa sveitarfélagsins og/eða er bindandi, sbr. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga, og í atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaga, sbr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, skal veita kjósendum möguleika á að greiða atkvæði sitt með pósti. Í auglýsingu sveitarfélags um íbúakosningar skal koma fram hvernig póstatkvæðagreiðsla fer fram og hvenær umsókn skal í síðasta lagi berast kjörstjórn. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að ekki fari fram póstatkvæðagreiðsla í öðrum tegundum af íbúakosningum.

Atkvæðagreiðsla með pósti fer fram með þeim hætti að kjósandi óskar eftir því við kjörstjórn að fá kjörgögn send til sín á það heimilisfang eða það netfang sem hann gefur upp. Halda skal skrá utan um þá kjósendur sem fá kjörgögn send til sín. Óski kjósandi eftir að fá atkvæði sent á heimilisfang er atkvæðaseðill ásamt sendiumslagi, kjörseðilsumslagi og fylgibréfi sent til kjósanda á umbeðið heimilisfang. Kjósandi merkir við atkvæðið og leggur það í kjörseðilsumslagið í viðurvist tveggja lögráða votta eða lögbókanda. Kjósandi fyllir út fylgibréf og leggur það og atkvæðisumslag í sendiumslagið. Óski kjósandi eftir að fá kjörgögn send rafrænt eru þau send á umbeðið netfang. Atkvæðaseðill og fylgibréf eru prentuð út og kjósandi merkir við atkvæðið og leggur það í umslag sem kjósandi útvegar sjálfur. Umslagið og fylgibréf eru lögð í annað umslag sem kjósandi útvegar einnig sjálfur. Kjósandi annast sjálfur sendingu atkvæðis til kjörstjórnar og ber kostnað af sendingu bréfsins.

Þegar atkvæðabréf berst kjörstjórn með pósti skal það varðveitt með öruggum og tryggjum hætti.

Ef kjósandi þarfnast aðstoðar, skal fylgja þeim reglum sem fram koma í b-d-lið 11. gr. reglugerðarinnar. Í kosningu fyrir nefnd um hluta sveitarfélags má aðstoðarmaður ekki vera frambjóðandi eða maki, barn, systkini eða foreldri slíks frambjóðanda.

Á fylgibréfi vegna póstkosningar skal eftirfarandi koma fram:

1. Stuttar og skýrar leiðbeiningar um atkvæðagreiðsluna.
2. Nafn, kennitala og heimilisfang kjósanda sem annaðhvort kjósandi eða kjörstjórn fylla út með skýrum hætti.
3. Yfirlýsing kjósanda, sbr. þó 5. tl., um að hann hafi án aðstoðar og án þess að nokkur annar hafi séð, ritað atkvæði á kjörseðil, sett atkvæði í umslag og límt umslag aftur.
4. Reitur fyrir undirritun kjósanda, stað og dagsetningu.
5. Yfirlýsing aðstoðarmanns eftir atvikum, um að aðstoð hafi verið veitt og fylgt hafi verið þeim reglum sem fram koma í b-d-lið 11. gr. reglugerðarinnar.
6. Yfirlýsing tveggja votta, eða lögbókanda, sem votta auðkenni kjósanda, og aðstoðarmanns eftir atvikum, að kosningin hafi verið leynileg og að kjósandi, eða aðstoðarmaður eftir atvikum, hafi að kosningaathöfn lokinni lagt kjörseðilinn í kjörseðilsumslagið. Vottar skulu vera lögráða og geta kenntölu sinnar á yfirlýsingunni. Ef vottar hafa ekki íslenska kenntölu skulu þeir geta um fæðingardag sinn og heimilisfang. Í kosningu fyrir nefnd um hluta sveitarfélags má vottur ekki vera frambjóðandi eða maki, barn, systkini eða foreldri slíks frambjóðanda og skal vottur staðfesta hæfi sitt.

#### 11. gr.

##### *Aðstoðarmenn kjósenda.*

Eftirfarandi atriði eiga við um aðstoðarmenn kjósenda í íbúakosningum sveitarfélaga:

- a. Kjósandi á rétt á aðstoð við atkvæðagreiðslu og getur aðstoð verið veitt af aðstoðarmanni sem fylgir kjósanda á kjörstað eða fulltrúa kjörstjórnar.
- b. Aðstoð skal aðeins veitt ef kjósandi getur sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði. Aðstoðarmanni kjósanda eða fulltrúa kjörstjórnar sem aðstoðina veitir er skylt að fara að fyrirráðum kjósanda og eru þeir bundnir þagnarskyldu.

- c. Kjósandi skal aldrei þurfa að upplýsa eða greina frá því hvers vegna hann óskar aðstoðar og er kjörstjórn eða fulltrúa kjörstjórnar eða öðrum þeim sem starfa við framkvæmd kosninga óheimilt að biðja kjósanda að skýra frá því hvers vegna hann óskar slíkrar aðstoðar.
- d. Sá sem veitir aðstoð við atkvæðagreiðslu skal veita hana í samræmi við þarfir og aðstæður kjósandans. Kjósanda skal sýnd sú nærgætni, lipurð og virðing sem þarfir og aðstæður hans kalla á hverju sinni.
- e. Við framkvæmd aðstoðar skal kjörstjórn eða fulltrúi kjörstjórnar tryggja að kosningin sé leynileg svo sem með því að loka kjörfundarstofu meðan á atkvæðagreiðslu með aðstoð stendur.
- f. Sé aðstoð veitt skal það skráð í skýrslu kjörstjórnar, þ.m.t. hver veitti aðstoðina.
- g. Aðstoðarmaður kjósanda skal gera grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa persónuskilríkjum með nafni, kennitölu og mynd, eða á annan fullnægjandi hátt að mati þeirra sem sinna atkvæðagreiðslunni. Aðstoðarmaður kjósanda skal vera að minnsta kosti 18 ára gamall. Í kosningu fyrir nefnd um hluta sveitarfélags má aðstoðarmaður ekki vera frambjóðandi eða maki, barn, systkini eða foreldri slíks frambjóðanda.
- h. Aðstoðarmaður kjósanda skal undirrita staðfestingu á sérstöku eyðublaði sem sveitarfélag skal útbúa og geymir nafn og kennitölu kjósanda, aðstoðarmanns kjósanda og dagsetningu þegar aðstoð er veitt. Á eyðublaðinu skal aðstoðarmaður staðfesta hæfi sitt skv. g-lið ef við á og veita skal leiðbeiningar, sbr. b-d-lið. Fulltrúi kjörstjórnar skal jafnframt undirrita staðfestingu aðstoðarmanns.
- i. Ef aðstoðarmaður kjósanda uppfyllir ekki skilyrði skv. g-lið skal synja því að viðkomandi aðstoðarmaður veiti kjósanda aðstoð. Skal það skráð í skýrslu kjörstjórnar. Ákvörðun fulltrúa kjörstjórnar um synjun skal borin upp við kjörstjórn ef þess er óskað. Ákvörðun kjörstjórnar er endanleg.
- j. Kjörstjórn skal halda skrá um aðstoðarmenn kjósanda og óheimilt er að gerast aðstoðarmaður fleiri en þriggja kjósanda við sömu kosningu.

## 12. gr.

### *Talning atkvæða.*

Eftirfarandi atriði eiga við um talningu atkvæða í íbúakosningum sveitarfélaga:

- a. Ekki er heimilt að hefja talningu atkvæða fyrr en öllum kjörstöðum hefur verið lokað á síðasta degi atkvæðagreiðslunnar.
- b. Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Flokkun atkvæða og undirbúningur talningar þeirra skal fara fram fyrir luktum dyrum og byrgðum gluggum á talningarstað. Skal rýmið lokað og vaktað af hálfu kjörstjórnar þar til atkvæðagreiðslu er lokið.
- c. Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum svo að almenningi gefist kostur á að vera viðstaddur eftir því sem húsrúm leyfir. Viðstöddum ber að hlíta fyrir mælum kjörstjórnar og starfsfólks hennar á talningarstað. Öllum þeim sem starfa við framkvæmd flokkunar og undirbúning talningar og umboðsmönnum lista er óheimilt að hafa með sér inn í talningarsal síma, tölvu eða annað fjarskiptatæki. Sama á við um hvers konar myndavélar og hljóðupptökutæki. Neiti einhver að afhenda slík tæki er viðkomandi óheimilt að vera viðstaddur flokkun og undirbúning talningar. Sama á við ef rökstuddur grunur er um að viðkomandi aðili hafi slíkt tæki í fórum sínum. Heimilt er að vísa hverjum þeim af talningarstað sem veldur röskun eða truflun á flokkun eða talningu atkvæða.
- d. Kjörstjórn skal auglýsa a.m.k. sjö dögum fyrir lok atkvæðagreiðslu hvar og hvenær talning atkvæða fer fram. Heimilt er að auglýsa talningu eingöngu á vef sveitarfélags. Velja skal hentugt húsnæði fyrir talningu atkvæða þar sem aðgengi er gott.
- e. Kjörstjórn tilnefnir talningarstjóra sem skal hafa yfirumsjón með talningarferlinu. Atkvæði úr hverjum atkvæðakassa skulu talin og fjöldi þeirra stemmdur af við fjölda kjósanda sem greitt hafa atkvæði. Einnig skal fjöldi atkvæða úr hverjum atkvæðakassa stemmdur af við fjölda afhentra atkvæðaseðla, ónotaðra atkvæðaseðla sem skilað er og þeirra atkvæðaseðla sem hafa ónýst. Geta skal um afstemmingu atkvæðakassa í skýrslu kjörstjórnar. Ef a.m.k. tvær sjálfstæðar viðbótartalningar staðfesta fjölda atkvæða í atkvæðakassa er kjörstjórn heimilt að setja atkvæði í talningu. Leita skal skýringa á misræmi og skrá það í skýrslu kjörstjórnar ef talin er þörf á.
- f. Eftir afstemmingu atkvæðakassa skulu atkvæðaseðlar tæmdir í hæfilega stórt, tómtilát og skal þess gætt að atkvæðaseðlar frá einstökum kjörstöðum og kjördeildum blandist vel saman. Flokka skal atkvæðaseðla eftir svarkostum eða eftir atvikum listum eða frambjóðendum. Halda skal auðum atkvæðum, öðrum

ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum aðgreindum. Atkvæði skulu að minnsta kosti flokkuð í tveimur umferðum. Tryggja skal að starfsfólk sem flokkar atkvæði í fyrri umferð komi ekki að flokkun sömu atkvæða í síðari umferð. Að lokinni flokkun atkvæða skal talningarstjóri og þau sem aðstoða hann flytja flokkuð atkvæði eftir merkingu svarkosta á fráleggsborð.

- g. Heimilt er að opna sendiumslög vegna atkvæða sem greidd eru með pósti af a.m.k. tveimur fulltrúum kjörstjórnar áður en atkvæðagreiðsla er lokið. Ef skilyrði c-liðar 1. mgr. 13. gr. eru ekki uppfyllt eða vafi leikur á því, skal taka fylgibréf og atkvæðisumslag til hliðar og skal kjörstjórn leggja mat á gildi atkvæðis, sbr. e-lið 1. mgr. 13. gr. Ef taka skal atkvæðið til greina skal setja sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni, en kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfinu skal lagt á ný í sendiumslagið og það lagt til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Ef ekki skal taka atkvæðið til greina skal ganga frá kjörseðilsumslaginu og fylgibréfinu og varðveita á sama hátt, en rita skal ástæðu þess að atkvæðið verður ekki tekið til greina á sendiumslagið. Ef ekki eru gerðar athugasemdir við fylgibréfið og kjósanda, skal atkvæðisumslag sent til talningar þegar hún hefst þar sem atkvæðið er tekið úr kjörseðilsumslagi og farið með samkvæmt e-, f- og h-lið.
- h. Þegar talning hefst hverju sinni skulu atkvæðaseðlar taldir í hæfilega bunka og settir í teygju með miða þar sem fjöldi atkvæða er tilgreindur. Atkvæðaseðlar sem ekki ná viðmiði heils bunka skulu settir í teygju og merktir með miða þar sem fjöldi atkvæða er tilgreindur. Atkvæðaseðlar skulu því næst endurtaldir af öðrum talningarmanni. Báðir talningarmenn skulu árita miða sem settir eru á bunkann með upphafsstöfum sínum þannig að ljóst sé að bunkinn hafi verið talinn tvívegis af sitthvorum talningarmanni. Miðar skulu merktir í áframhaldandi töluröð og skráðir undir því númeri í skrá kjörstjórnar þannig að hægt sé að rekja hvern bunka fyrir sig. Að lokinni talningu skal bunkum með atkvæðaseðlum komið fyrir á borði fyrir talin atkvæði þar sem þeir eru skráðir og fjöldi þeirra lagður saman. Fjöldi talinna atkvæða skal stemmdur við fjölda atkvæða sem komu til talningar hverju sinni. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.
- i. Kjörstjórn skal upplýsa um niðurstöðu talningar með opinberum hætti og a.m.k. á vefsíðu sveitarfélagsins.

## 13. gr.

*Gölluð atkvæði.*

Eftirfarandi atriði skulu gilda um gölluð atkvæði í íbúakosningum sveitarfélaga:

a. Atkvæði skal meta ógilt ef:

1. kjörseðill er auður,
2. ekki má með öruggum hætti sjá hvaða svarkosti kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt,
3. ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli séu sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
4. kjörseðill er ekki sá sem kjörstjórn hefur látið gera.

b. Við mat á gildi atkvæðis þegar sveitarstjórn hefur ákveðið að spurningar á kjörseðli séu fleiri eða orðaðar með öðrum hætti, skal meta gildi hverrar spurningar sjálfstætt. Ekki skal meta atkvæði ógilt í heild þó kjósandi hafi ekki tjáð eða mistekist að tjá afstöðu sína til einstakra spurninga á kjörseðli, enda sé atkvæði að öðru leyti gilt.

c. Þegar atkvæði er greitt með pósti telst það ógilt ef það er ekki í sérstöku atkvæðisumslagi, atkvæðisumslag er ekki lokað, fylgibréfið er ekki rétt útfyllt eða undirritað eða það eru fleiri en eitt atkvæði í atkvæðisumslagi. Ekki skal taka til greina atkvæði sem berst til kjörstjórnar eftir að atkvæðagreiðsla er lokið, ef atkvæði berst frá kjósanda sem ekki er á skrá um að hafa óskað eftir kjörgögnum eða ef kjósandi hefur þegar greitt atkvæði á kjörstað.

d. Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema það augljóslega brjóti í bága við einn eða fleiri staflíði 1. mgr. Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt í ferning við svarmöguleika en t.d. utan hans, þó að X sé ólögulegt, þó að hak sé sett í ferning í stað X o.s.frv.

e. Ef ágreiningur verður innan kjörstjórnar um hvort atkvæði telst gilt, skal kjörstjórn greiða um það atkvæði.

## 14. gr.

*Umboðsmenn.*

Eftirfarandi atriði skulu eiga við um umboðsmenn í íbúakosningum:

- a. Þau sem eru í framboði í nefnd fyrir hluta sveitarfélags, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga, og ábyrgðaraðili undirskriftarsöfnunar um almenna atkvæðagreiðslu skv. 107. og 2. mgr. 108. sveitarstjórnarlaga, eiga rétt á að skipa sér umboðsmann.
- b. Umboðsmenn hafa það hlutverk að gæta ólíkra sjónarmiða við kosninguna, talningu atkvæða og úrlausn ágreiningsmála. Telji umboðsmenn að kjörstjórn eða kjósendur hegði sér ekki samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum við kosningarathöfnina mega þeir finna að því við kjörstjórnina. Ef þeir fá það ekki leiðrétt hjá kjörstjórn eiga umboðsmenn rétt á að fá ágreiningsefnið skráð í skýrslu kjörstjórnar, sbr. 3. mgr. 5. gr.
- c. Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir undirbúning talningar, svo sem þegar tekið er á móti atkvæðakössum og þeir opnaðir, þegar tekið er á móti öðrum kjörgögnum eða við flokkun atkvæða. Þá eiga umboðsmenn rétt á að vera viðstaddir talningu atkvæða og fylgjast með framkvæmd hennar og uppgjöri. Umboðsmenn skulu við framkvæmd eftirlits við flokkun og talningu atkvæða fara að fyrirmælum kjörstjórnar og allar athugasemdir sem umboðsmenn gera við framkvæmd flokkunar og talningar skulu þeir gera við kjörstjórn.

## 15. gr.

*Atkvæðagreiðsla um einstök málefni.*

Sveitarstjórn ber ábyrgð á orðalagi og framsetningu þeirra spurninga sem lagðar eru fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu um einstök málefni sveitarfélags, sbr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga. Á kjörseðli skal koma skýrt fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er upp og gefnir tveir möguleikir á svari, "Já" eða "Nei". Sveitarstjórn getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.

Í íbúakosningu um einstök málefni sveitarfélags sem fram fer að frumkvæði sveitarstjórnar og ekki er bindandi, sbr. 3. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga, er sveitarstjórn heimilt að ákveða að kosningarréttur sé bundinn ákveðnum aldri, að kosningarréttur sé bundinn við lögheimili í tilteknum hluta sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga, og/eða að ekki sé gerð krafa um ríkisfang eða búsetutíma. Ákvörðun sveitarstjórnar er háð því skilyrði að hægt sé að gefa út kjörskrá fyrir þann hóp kjósenda sem um ræðir. Í auglýsingu sveitarfélagsins um atkvæðagreiðslu fyrir hluta sveitarfélags skal sá hluti sveitarfélags sem atkvæðagreiðslan nær til vera skýrt afmarkaður.

## 16. gr.

*Kosning í nefnd fyrir hluta sveitarfélags.*

Sveitarfélög setja sér reglur um hvernig kosið skuli í nefnd fyrir hluta sveitarfélagsins, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga, og skulu reglurnar birtar í Stjórnartíðindum eigi síðar en 30 dögum áður en atkvæðagreiðsla hefst.

Í reglum skv. 1. mgr. skal koma fram hvernig kosið skal í nefnd fyrir hluta sveitarfélags. Heimilt er að ákveða að fram fari hlutfallskosning, óbundin kosning, eða hver sú tegund af kosningu sem sveitarstjórn telur heppilegasta.

Kjörgengur í nefnd fyrir hluta sveitarfélags er hver sá sem hefur kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 133. gr. sveitarstjórnarlaga. Heimilt er mæla frekar fyrir um kjörgengi nefndarmanna í reglum sveitarfélags um íbúakosningar.

## 17. gr.

*Atkvæðagreiðsla vegna sameiningar sveitarfélaga.*

Um atkvæðagreiðslu vegna sameiningar sveitarfélaga skal eftirfarandi eiga við:

- a. Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga eða viðkomandi sveitarstjórnir skulu kynna íbúum sveitarfélaganna þá tillögu sem greiða skal atkvæði um og helstu forsendur hennar með a.m.k. 20 daga fyrirvara, svo sem með kynningarfundum og/eða dreifibréfum. Tillagan skal innan sama frests auglýst opinberlega í Lögbirtingablaði og í fjölmiðlum.
- b. Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðslu vegna sameiningar sveitarfélaga. Form atkvæðaseðils skal staðfest af ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

c. Ákvörðun um að lækka kosningaaldur í 16 ár, sbr. 2. mgr. 2. gr., þarf samþykki allra viðkomandi sveitarstjórna.

18. gr.

*Eyðing kjörgagna.*

Atkvæðaseðla og kjörskrár skal geyma þar til kærufrestur kosninga er liðinn eða fullnaðarúrskurður um gildi þeirra hefur verið uppkveðinn enda sé þeirra eigi þörf vegna kæru sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Eigi síðar en ári eftir kjördag skal kjörstjórn eyða atkvæðaseðlum og kjörskrár enda sé þá ágreiningsmálum um gildi og framkvæmd kosninganna lokið.

III. KAFLI

**Kosningu frestað, uppkosning og kærur.**

19. gr.

*Kosningum frestað og uppkosning.*

Uppkosning fer fram ef kosning ferst fyrir af óviðráðanlegum orsökum eða ef kosning hefur verið úrskurðuð ógild. Í íbúakosningum um einstök málefni sem fara fram að frumkvæði sveitarstjórnar og ekki eru bindandi ákveður sveitarstjórn hvort uppkosning fari fram.

Uppkosning er endurtekning á fyrri kosningu. Þegar um uppkosningu er að ræða lýtur undirbúningur og framkvæmd kosninganna sömu reglum og með sömu kjörskrá og fyrri kosning.

20. gr.

*Gallar.*

Gallar á kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema líklegt sé að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

21. gr.

*Kærur vegna íbúakosninga.*

Kærur um ólögmæti íbúakosninga skulu sendar ráðuneyti sveitarstjórnarmála til úrlausnar innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

22. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 7. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga, nr. 323/2023.

*Innviðaráðuneytinu, 6. september 2023.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Aðalsteinn Þorsteinsson.*

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.